

SHALDÖR
skoðun 14

BÁTTTAKA
Í PRÓUNAR
OG NYTKÖPUNAR
VERKEFNUM
SKILNINGU
MILLI
TVEIM
MUNNI

Formar fiska úr grjóti

Listakonan Lís K. Guðjónsdóttir mótar fiska úr grjóti og ræktar grænmeti í færanlegum matjurtagörðum.

allt 2



2 SÉRBLÖÐ

í Fréttablaðinu

Allt
Fasteignir.is



FRÉTTABLAÐIÐ

MÁNUDAGUR

PITT

9. ágúst 2010 – 184. tölublað – 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000



Ekkert vesen

Eiríkur Smith myndlistarmaður er 85 ára í dag.

tímamót 18

Annar fótoltaskandall

Framherjinn Peter Crouch er sakaður um að kaupa vændi á Spáni.

fólk 22



Jafnt í Krikanum

Breiðablik datt af toppi Pepsi-deildarinnar eftir jafntefli gegn FH.

sport 26

veðrið í dag



SÓL OG BLÍÐA Í dag verður hæg vestlæg eða breytileg átt. Yfirleitt bjartviðri en hætt við þokulofti við ströndina. Hiti 14-20 stig, hlýjast inn til landsins.

VEÐUR 4

Fréttablaðið er með **180%** meiri lestur en Morgunblaðið.

77,5%



27,7%

MORGUNBLAÐIÐ FRÉTTABLAÐIÐ

Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18-49 ára. Könnun Capacent í Febrúar til apríl 2010.



BARIST VIÐ STRAUMINN Ásmundur Þór Kristmundsson fór tvisvar út í hina straumhöfðu Krossá til að bjarga frönskum ferðamönnum úr hásku. Áin var sérlega vatnsmikil eftir mikla rigningu síðustu daga og um tíma hélt Ásmundur að hann væri að drukkna.

MYND/SERÓS SIGÞÓRSDÓTTIR

Lagði líf sitt í hættu við björgun í Krossá

Björgunarsveitarmaðurinn Ásmundur Þór Kristmundsson bjargaði tveimur frönskum ferðamönnum úr sjálfheldu í Krossá í gær. Hann festi í sig reipi, óð út í ána og sótti fólkíð í lítinn bíl þar sem það sat fast. Engum varð meint af volkinu.

SLYS Tvítugur björgunarsveitarmaður, Ásmundur Þór Kristmundsson, drýgði hetjudáð í gær þegar hann óð út í Krossá í Þórs-mörk til þess að bjarga tveimur frönskum ferðamönnum sem höfðu fest í lítilli bifreið í ánni.

Ásmundur festi sig í reipi sem hann batt við bíl á árbakkanum og óð út í ána. Síðan tók hann á karlinum í bílstjórasæti bifreiðarinnar og bar út í ána. Ferðamenn sem voru á árbakkanum drógu mennina svo í land en Ásmundur fór á kaf og var nærri því að drukkna. Í losti og hríðskjálfandi stakk hann sér svo aftur út í ána og náði í konuna sem enn var í bifreiðinni. Þegar þau höfðu verið dregin að árbakkanum tókst honum að kasta konunni upp á bakkann en féll sjálfur út í ána þar sem hann lá í nokkrar sekúndur áður en hann var dreginn upp og hneig svo hálf meðvitundarlaus niður á árbakkann.

„Þetta var fáránleg upplifun,“ sagði Ásmundur þegar Fréttablaðið náði tali af honum í gær-

“Ég stóð þarna á árbakkanum merktur Landsbjörg og fannst ég ekki geta annað en hjálpað.

ÁSMUNDUR ÞÓR KRISTMUNDSSON
BJÖRGUNARSVEITARMAÐUR

kvöldi. „Ég er enn þá bara að átta mig á hlutunum.“

Spurður um hvernig þetta bar að sagði Ásmundur: „Ég og kærastan mín vorum að labba í átt að Húsadal þegar við hittum ferðamenn sem voru öskrandi og á hlaupum í átt að Krossá. Við vorum ekki alveg með á nótunum þannig að við eltum bara fólkíð að ánni. Þá sáum við lítinn Suzuki-bíl fljótandi í ánni og hann flaut þarna einhver hundruð metra áður en hann festist. Ég stóð síðan þarna á árbakkanum merktur Landsbjörg og fannst ég ekki geta annað en hjálpað. Ég batt þá reipi utan um mig og



BJÖRGUNIN Þegar ferðamönnum hafði verið bjargað var beðið eftir krana-bíl sem dró bílinn úr ánni.

festi við bíl sem var þarna og óð út í ána,“ segir Ásmundur.

Ásmundur hafði nokkurn veginn jafnað sig um tíuleytið í gærkvöldi og kvað Frakkana vera í losti en himinlifandi með björgunina. - mpl

Hvalveiðimenn í Kópavogi:

Bjóða upp á hvalaskoðun

FERÐAMENNSKA Hrefnuveiðimenn bjóða upp á hvalaskoðun meðfram hvalveiðum. Þar verður fólk sýnt hvernig veiðarnar fara fram án þess þó að dýr séu veidd í skoðunarferðunum.

Frankvæmdastjóri Hrefnuveiðimanna ehf. segist halda að hvalveiðar og hvalaskoðun geti farið vel saman. - mpl / sjá síðu 2

Uppskrifin að mánudagsfisknum er á gottimatinn.is

SPURNING DAGSINS



„Þóra, verða geitungarnir eins og flugur á vegg í ágúst?“

„Nei, ætli þeir verði ekki meira eins og mý á mykjuskán.“

Þóra Hrafnadóttir er sérfræðingur hjá Náttúrufræðistofu Kópavogs og segir sumarið í ár hafa verið mjög gott fyrir geitunga. Nú er sá tími árs sem geitungar eru hvað mest áberandi.

Fórnlamba árása minnst: Kertum fleytt til minningar

ATHÖFN Íslenskar friðarhreyfingar efna til kertafleytingar á Tjörninni í Reykjavík í kvöld klukkan 22.30. Með því er minnst fórnarlamba kjarnorkuárásanna í Hiroshima og Nagasaki í Japan árið 1945 og áréttta samtökin kröfu sína um kjarnorkulausa framtíð.

Harpa Stefánsdóttir friðarsinni mun flytja ávarp á staðnum og fundarstjóri er Vilhelm Anton Jónsson tónlistarmaður. Flotkerti verða seld á staðnum. Kertafleyting verður einnig á Seyðisfirði á sama tíma og á Akureyri fimmtudagskvöldið 12. ágúst.

- sv

Frjókornamælingar í júlí:

Met í frjókornum í Reykjavík

UMHVERFISMÁL Metfjöldi frjókorna mældist í Reykjavík í júlímánuði, tæplega 4000 frjó á rúmmetra. Á Akureyri mældust frjókornin hins vegar langt undir meðaltali, eða 378 frjó á rúmmetra.

Frjókornafjöldinn í Reykjavík sló út metsumarið 1991, en þá mældust rúmlega 2500 frjó í mánuðinum.

Meðalfrjókornafjöldi í júlí er 772 frjó á Akureyri. Grasfrjó voru færri en í meðalmánuði og er talið að þau muni ná hámarki í ágúst líkt og í fyrra. Að jafnaði mælast um 800 frjó í ágúst og eru tveir toppar, sá fyrri í byrjun ágúst og sá síðari um 20. ágúst.

- þeb

SLYS

Þyrla sótti slasaða konu

Þyrla Landhelgisgæslunnar sótti þýska konu sem datt af hestbaki innst í Þjórsárdal um miðjan dag í gær. Í fyrstu var talið að ekkert amaði að henni, en hún fór að kenna til sársauka og var sótt á þyrlunni. Talið er að hún hafi hlotið höfuðáverka.

Góð berjaspretta í ár þrátt fyrir skaðvalda sem leggjast á blöð bláberjalyngsins: Stefnir allt í svarblátt haust

NÁTTÚRA Allt virðist benda til þess að berjatíð verði með endumum góð í ár. Sveinn Rúnar Hauksson, læknir og sérfræðingur í íslenskum berjum, segir berjatíðina vera almennt farna að lengjast.

„Horfurnar eru fjarskalega góðar,“ segir Sveinn. „Ég er búinn að vera að tína bláber og aðalbláber í hafragrautinn minn síðan um miðjan júlí. Það þykir mér óvenjulega lukkulegt.“

Sveinn segir að sumarið hafi þó verið nokkuð þurr og nokkrir rigningardagar er allt sem til þarf til að fullkomna berjasprettuna.

„Þetta eru svipaðar fréttir víðast hvar af landinu,“ segir hann. Eitt hvað hefur borið á ferðum birki-fetans, fiðrildis sem leggst á blöð birkisins, og í sumum tilvikum, bláberjalyngsins. Sveinn segist ekki hafa séð miklar skemmdir á lynginu sökum þess.

„En vorið var þó svo hlýtt að skordýrin hafa átt gott vaxtar-skeið. Það er alveg við því að búast að eitthvað muni sjá á lynginu. Birkifetinn virðist vera aðal skaðvaldurinn, bæði á Norður- og Vesturlandi,“ segir Sveinn og fiðrildið sé að ná fótfestu víða um land.



ÍSLENSK BLÁBER Jafnt skordýr sem ber hafa fengið gott vaxtarskeið í sumar sökum veðurlíðunnar. NORDICPHOTOS/GETTY

„En við erum að fá berin okkar snemma í ár. Það stefnir allt í svart og blátt sumar.“ - sv

Fagnaði með hriðskotabyssu: Skaut gesti í eigin brúðkaupi

TYRKLAND Brúðkaupsveislu í litlu tyrknesku þorpi lauk með skelfilegum hætti um helgina.

Brúðguminn, sem ákvað að fagna giftingunni með því að skjóta úr hriðskotabyssu, fórst það ekki betur en svo úr hendi að hann skaut óvart föður sinn og tvær frænkur til bana.

Brúðguminn var að sjálfsgöðu handtekinn og verður ákærður fyrir morð. Það er til síðs víða í Tyrklandi að fagna brúðkaupum með byssuskotum.

- th

Hvalveiðimenn bjóða upp á hvalaskoðun

Hvalveiðimenn í Kópavogi ætla að bjóða upp á hvalaskoðun samhliða veiðum. Þeir ætla að sýna áhugasömum hvernig hrefnuveiðar fara fram en þó án þess að veiða sjálf dýrin. Innyflin í formalíni verða í sýningarsal á dekkinu.

FERÐAMENNSKA Hrefnuveiðimenn ehf., sem veiða hvali og selja kjötið af þeim á innanlandsmarkaði, ætla framvegis að bjóða upp á hvalaskoðun meðfram veiðum sínum. Þeir stefna að því að hefja hvalaskoðunarferðir um miðjan mánuðinn.

„Hvalaskoðun er kannski ekki alveg rétt orðið. Við ætlum að bjóða upp á hvalaskoðun með hvalveiðimönnum. Við erum að fara að sýna hvernig hvalveiðar fara fram án þess þó að veiða sjálf dýrin. Við viljum sýna allt ferlið, leyfa fólki að kynnst okkur hvalveiðimönnum, skjótum úr byssunni og bjóðum upp á hvalkjöt,“ segir Gunnar Bergmann Jónsson, framkvæmdastjóri Hrefnuveiðimanna ehf., og bætir því við að ekkert þessu líkt sé í boði neins staðar í heiminum.

Hrefnuveiðimenn keyptu nýjan bát, Hrafnreyði, í vor og í kjölfarið vildu þeir finna fleiri nýtingarkosti á bátum þar sem veiðitímabilið er takmarkað.

„Við getum nýtt bátinn án þess að breyta honum mikið og þar með komið þessu þannig fyrir að við getum á hverri stundu farið í hvalveiðar og svo sýnt inn á milli,“ segir Gunnar. „Einu breytingarnar á bátinum eru þær að við breyttum millidekkinu í sýningarsal þar sem við sýnum fólki innfyli hvalanna svo sem hjartað og annað í formalíni og erum svo með myndasafn af hvalveiðum bæði í gamla daga og í dag. Svo bættum við líka við klósettum.“

Hvalveiðar eru víðast hvar umdeildar. Samtök ferðaþjónustunnar hafa nokkrum sinnum ályktað gegn hvalveiðum á Íslandi og á aðalfundi sínum í vor ályktuðu þau að hvalveiðar í nánd við hvalaskoðun



HRAFNEYÐUR Skipið verður framvegis nýtt bæði til hvalveiða og hvalaskoðunar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



GUNNAR BERGMANN JÓNSSON

un hefðu bein neikvæð áhrif á hvalaskoðunina. Aðspurður hvort það orki ekki tvímælis að bjóða upp á hvalaskoðun í hvalveiðiskipi segir Gunnar: „Þetta er einmitt umræðan, að hvalveiðar og hvalaskoðun geti ekki farið saman. Ég held að við eigum eftir að sjá hver viðbrögðin við þessu verða. Það getur svo sem verið að þetta komi í hausinn á okkur en

ég hef ekki stórar áhyggjur af því. Ég held að þetta tvennt geti vel farið saman. Ferðaþjónustugeirinn á Íslandi hefur staðið í blóma síðan hvalveiðar hófust aftur.“

Hrefnuveiðimenn gera út frá Kópavogi og hafa til umræða rúmlega 100 tonna skip sem getur að sögn Gunnars tekið 30 til 40 farþega. Hann segist vera spenntur fyrir því að byrja skoðunarferðir.

„Að félaginu standa menn sem hafa sumir verið að veiða allt síðan á sjöunda áratugnum en við höfum aldrei gert neitt í líkingu við þetta. Við sækjum eitt dýr á morgun og svo hættum við veiðum og hefjum ferðamennsku.“ - mþl

Erlendir fjárfestar leyfðir:

Mega eiga í Stormi Seafood

SJÁVARÚTVEGUR Lögfræðistofan Logos hefur unnið álit fyrir Storm Seafood um hvort leyflegt sé að erlendir fjárfestar eigi hlut í fyrirtækinu.

Mat stofunnar er að slíkt sé löglegt en kínverska fyrirtækið Nautilus Fisheries á 43,25 prósentu hlut í Stormi í gegnum tvö eignarhaldsfélög. Stormur hefur sent álitíð til sjávarútvegsráðuneytisins sem hefur verið að skoða málið.

Jón Bjarnason sjávarútvegsráðherra sendi nýverið erindi til viðskiptaráðuneytisins þar sem farið var fram á að ráðuneytið kannaði hvort eignarhaldið stæðist lög. Ráðuneytið hefur svo vísað málinu til nefndar um erlenda fjárfestingu sem hefur það nú til umfjöllunar.

- mþl

Kynbundið ofbeldi:

Menn dæmdir til meðferðar

ALÞINGI Til greina kemur að dæma menn sem beita maka sína heimilisofbeldi til sálfræðimeðferðar og skylda þá til að yfirgefa heimilið. Meðferð sem þessi hefur staðið til boða hér á landi í nokkur ár og hefur skilað árangri í tæplega 90% tilvika.

Í félagsmálaráðuneytinu er ný aðgerðaáætlun gegn kynbundu ofbeldi í undirbúningi. Samkvæmt henni á að leggja fram frumvarp um nálgunarbann sem verj það heimilt að fyrirskipa einstaklingum, sem beita heimilismenn sína ofbeldi, að yfirgefa heimilið. Í aðgerðaáætluninni eru líka hugmyndir um að efla meðferðarúrreið fyrir unga ofbeldismenn og aðra karla sem beita konur og börn ofbeldi.

- að

Óhuggulegur endir á gufubaðskeppni:

Lést úr hita í gufubaðskeppni

HELSENKI Úrslitaviðureign heimsmeistarakeppninnar í gufubaðsetu í Finnlandi endaði með ósköpum þegar annar keppendanna, Rússinn Vladimir Ladyzhensky, hneig niður. Ladyzhensky var fluttur á sjúkrahús án tafar en lést þar.

Ladyzhensky og keppinautur hans, Finninn Timo Kaukonen, höfðu þraukað í um 110 gráðu heitri gufu í sex mínútur áður en Ladyzhensky hneig niður.

„Öllum reglum var fylgt og fjöldi sjúkraliða var á staðnum. Auk þess þurftu allir keppendur að skila inn læknisvottorði,“ segir Ossi Arvela, einn skipuleggjenda keppninnar. „Ég veit að fólk utan Finnlands á erfitt með að skilja þetta en það er alls ekkert óvenjulegt fyrir okkur að vera í 110 gráðu gufubaði. Margir keppendur höfðu þegar setið í mun meiri hita en það,“ segir Arvela.



LADYZHENSKI OG KAUKONEN Eins og sjá má á svipbrigðum keppendanna er gufubaðsetukeppni ekki auðveld. Myndin er tekin stuttu áður en Ladyzhensky hneig niður.

Keppnin hefur verið haldin árlega síðan árið 1999 en í þetta skiptið voru þátttakendur 130 frá fimmtán löndum. Skipuleggjendur hennar segja ólíklegt að keppnin verði endurtekin eftir slysið. - mþl

Kostur Spörum og njótum lífsins. Já takk. Hakk á tilboði á mánudögum. Kostur Nautahakk 699 kr/kg. Verð áður: 995 kr/kg. Mikið úrval af frábærum tilboðum - líttu við. Dalvegur 10-14 | 201 Kópavogur | Sími 560 2500 | www.kostur.is. Ópið alla daga frá 10,00 til 20,00 | Sjáðu Kost á Facebook

Stærsti
skemmtistaður
í heimi!

NOVA

**Tveir vinsælustu
Nokia farsímarnir
hjá Nova!**



Ódýrasti Nokia farsíminn
hjá Nova

Nokia 2730

**12.000 kr.
símnottkun fylgir!**

1.000 kr. á mánuði í 12 mánuði.

Staðgreitt: 16.990 kr.
eða 0 kr. út og 1.490 kr. á mánuði
í 12 mánuði.

Vinsælasti 3G snertisíminn
hjá Nova

Nokia 5230

**12.000 kr.
símnottkun fylgir!**

1.000 kr. á mánuði í 12 mánuði.

Staðgreitt: 33.990 kr.
eða 0 kr. út og 2.890 kr. á mánuði
í 12 mánuði.

**Ódýrustu 3G
farsímarnir
hjá Nova!**



Ódýrasti 3G farsíminn
hjá Nova

Huawei U1250

**12.000 kr.
símnottkun fylgir!**

1.000 kr. á mánuði í 12 mánuði.

Staðgreitt: 12.000 kr.
eða 0 kr. út og 1.000 kr. á mánuði
í 12 mánuði.

Ódýrasti 3G snertisíminn
hjá Nova

Huawei U7510

**24.000 kr.
símnottkun fylgir!**

2.000 kr. á mánuði í 12 mánuði.

Staðgreitt: 24.000 kr.
eða 0 kr. út og 2.000 kr. á mánuði
í 12 mánuði.



Former Scunthorpe
United midfielder

Gary Duncan

**"It's all for
the love
of the game!"**

GENGIÐ 06.08.2010

GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	117,75 118,31
Sterlingspund	186,77 187,67
Evra	154,98 155,84
Dönsk króna	20,797 20,919
Norsk króna	19,667 19,783
Sænsk króna	16,522 16,618
Japanskt jen	1,3683 1,3763

SDR 179,93 181,01

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
209,363

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Verður rífið í vikunni:

Gjörónýtt hús eftir eldsvoða

LÖGREGLUMÁL Trésmiðjan Mosfell í Sandgerði er ónýtt eftir eldsvoða um helgina.

Tilkynning um eldinn barst um klukkan tvö aðfaranótt laugardags. Þegar slökkvilið kom á staðinn var húsið alelda og þakið að hluta til fallið. Slökkviliðið í Sandgerði fékk aðstoð frá Brunavörnum Suðurnesja við að ráða niðurlögum eldsins. Um 20 slökkviliðsmenn börðust við eldinn. Eldur kviknaði svo aftur aðfaranótt sunnudags út frá glóð, en vel gekk að slökkva eldinn þá.

Eldsupptök eru ókunn, en engin starfsemi hefur verið í húsinu í rúmt ár fyrir utan kannabisræktun sem var upprætt þar í fyrra. Húsið verður rífið í vikunni. - þeb

Fiskidagurinn mikli á Dalvík:

Maður stunginn í bakið

LÖGREGLUMÁL Ungur maður var stunginn í bakið á Dalvík í fyrri-nótt en lögreglan segir að áverk- ar hans hafi ekki verið alvar- legir. Sá sem grunaður var um verknaðinn var handtekinn. Meinnir eru báðir um tvítugt.

Töluverð ölvun var á Dalvík enda þúsundir manna þar til þess að fagna fiskideginum mikla sem fram fór á laugardag. Lögreglan hafði meðal annars afskipti af manni sem hafði dottið í sjóinn en hann fannst á túni í bænum og var að jafna sig eftir volkið. - jhh

UTANRÍKISVIÐSKIPTI

Meira selt en keypt

Samkvæmt bráðabirgðatölum fyrir júlí 2010 fluttu Íslendingar út vörur fyrir 43,9 milljarða króna og inn fyrir 39,4 milljarða fob. Vöruskipti í júlí voru því hagstæð um 4,5 milljarða króna fob, samkvæmt bráðabirgðatölum.

Útlit er fyrir að Byggðastofnun þurfi að afskrifa há lán til sjávarútvegsfyrirtækja:

Byggðastofnun með veð í rækjukvóta

VIÐSKIPTI Einu veð Byggðastofnunar fyrir 1,3 milljarða króna lánunum sem stofnunin hefur veitt eru í verðlausum rækjukvóta, þrátt fyrir að slíkt stríði gegn lögum. Útlit er fyrir að afskrifa þurfi stóran hluta lánanna og því mun ríkissjóður enn á ný þurfa að leggja stofnuninni til meira fé. Forstjóri Byggðastofnunar segir eðlilegar skýringar á málinu.

Átta fyrirtæki tengd rækjuútgerð og -vinnslu eru í viðskiptum við Byggðastofnun. Veð í úthafs-rækjukvóta eru í fjórum tilvik-

um einu tryggingarnar á bak við lánin.

Þessi fyrirtæki eru einkahlutafélögin Forrest Gump, Birnir, F420 og Útgerðarfélagið ÞH 380. Stærstu og oft einu eignir þessara fyrirtækja er kvótinn sjálfur. Hann er þá vistaður á skipum annarra lögaðila. Í lögum um samningsveð kemur fram að ólöglegt er að veðsetja kvóta, einan og sér. Einu veð Byggðastofnunar fyrir lánunum er þó sjálfur kvótinn.

Aðalsteinn Þorsteinsson, forstjóri Byggðastofnunar, segir að

upphaflega hafi lánin verið veitt rækjuvinnslum og veð tekið í skipum í þeirra eigu. „Í einhverjum tilvikum hafa rækjuvinnslur farið á höfuðið og þá hefur verið gengið að öðrum veðum verksmiðjunnar,“ segir hann.

Eftir að veiðar voru gefnar frjálssar er kvótinn nær verðlaus. Það má því gera ráð fyrir að Byggðastofnun fái lítið, ef nokkuð upp í kröfur sínar. Aðalsteinn segir að erfitt sé að svara því hvernig það muni líta út á endanum.

- ghh



BYGGÐASTOFNUN Höfuðstöðvar stofnunarinnar eru á Sauðárkróki.

Flest tilfelli af HIV í 25 ár

Fjöldi greininga ekki verið meiri síðan 1985. Árlegur lyfjakostnaður smitaðra veltur á milljónum. Ráðherra segir mikilvægt að skoða tengsl við þá hópa sem greinast. Enginn samkynhneigður greindur árið 2009.

HEILBRIGÐISMÁL Fjöldi tilfella nýrra HIV-greininga hefur ekki verið meiri hér á landi síðan 1985. Á síðasta ári greindust þrettán tilfelli, en árið 1985 voru þau sextán. Mælingar hófust fyrst árið 1983 og var þá einn einstaklingur sem greindist með HIV-veiruna. Kemur þetta fram í skýrslu Landlækniseimbættisins.

„Þetta er svipuð þróun og hefur verið í nágrennalandunum,“ segir Svavar G. Jónsson, varaformaður samtakanna HIV Ísland. „Það vantar sérlega aukna fræðslu og umræðu um sjúkdóminn hér á landi.“

Svavar telur vaxandi kæruleysi varðandi sjúkdóminn sökum þeirra öfluglu lyfja sem komin eru á markað áhyggjuefni.

„HIV-jákvætt fólk lifir með þessum lyfjum,“ segir hann. „En þetta er ekki eins og að skera sig á fingri – það er engin lækning.“

Svavar segir árlegan lyfjakostnað eins HIV-sjúklings velta á milljónum króna. „Hann er gríðarlega mikill. Það er hægt að kosta fræðslu- og áróður í heilt ár fyrir lyfjakostnað eins einstaklings,“ segir hann. Einnig sé mikilvægt fyrir almenn-

ing að átta sig á því að HIV er orðinn almennur sjúkdómur um heim allan og ekki bundinn við samkynhneigða.

Álfheiður Ingadóttir heilbrigðisráðherra segist ekki hafa séð tölurnar frá Landlækniseimbættinu en nauðsynlegt sé að skoða upplýsingarnar í tengslum við mannfjölda og þá lýðfræðilegu dreifingu hópa sem greinast. Hún segir umræðuna í samfélaginu eflaust aldrei nægilega og mikilvægt sé að horfa til nágrennalandanna í tengslum við efnið.

„Löndin í kringum okkur eru að endurskoða blóðgjafi samkynhneigðra karlmanna sem voru stöðvaðar á sínum tíma vegna umræðu um HIV. Það er eitthvað sem við verðum að skoða hér,“ segir Álfheiður.

Árið 1985 var einn gagnkynhneigður einstaklingur greindur með HIV og tveir fíkniefnaneytendur. Hinir þrettán sem greindust það ár voru samkynhneigðir. Árið 2009 voru fimm fíkniefnaneytendur sem greindust og sjö gagnkynhneigðir. Enginn samkynhneigður fékk HIV-greiningu það ár. sunna@frettabladid.is



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ Ekki hafa fleiri greinst með HIV-veiruna síðan 1985. 231 einstaklingur hefur greinst frá því mælingar hófust árið 1983.

Reglulegar athuganir minnka tíðni HIV

Sigurlaug Hauksdóttir, yfirfélagsráðgjafi hjá Landlækniseimbættinu og sérfræðingur í fræðslu og ráðgjöf um kynsjúkdóma, hvetur fólk til þess að láta athuga sig reglulega, sérstaklega ef um áhættuhegðun er að ræða.

„Ef stundað hefur verið kynlíf án smokks með einhverjum utan sambands, er mjög mikilvægt að koma í athugun,“ segir Sigurlaug. Slíkt myndi ná tíðni tilfella niður af HIV og kynsjúkdómum almennt. „Það er í höndum hvers og eins að vera ábyrgur gagnvart sjálfum sér og eigin heilsu.“ Meðal annars er hægt að leita til heimilislæknis, húð- og kynsjúkdómadeildar Landspítalans og rannsóknarstofu Borgarspítalans varðandi athuganir á kynsjúkdómum.

Fjöldi greininga og smitleiðir milli ára

Greining HIV smitaðra eftir árum, smitleiðum og áhættuhegðun

Ár tilkynningar	Samkynhneigðir	Fíkniefnaneytendur	Gagnkynhneigðir	Annað
1983 (1 samt.)	1	0	0	0
1985 (16)	13	2	1	0
1987 (5)	4	0	1	0
1989 (6)	5	0	0	1
1991 (10)	6	1	3	0
1993 (3)	1	0	2	0
1995 (7)	3	2	2	0
1997 (9)	5	0	4	0
1999 (12)	3	0	9	0
2001 (11)	2	2	7	0
2003 (10)	3	1	6	0
2005 (8)	3	0	5	0
2007 (13)	2	6	5	0
2009 (13)	0	5	7	1

Dreifing HIV-smitaðra frá 1983 til síðustu áramóta

Hópar einstaklinga	Karlar	Konur	Samtals	Hlutfall
1. Samkynhneigðir (kynmök)	99	0	99	42,9%
2. Fíkniefnaneytendur (í æð)	22	10	32	13,9%
3. Gagnkynhneigðir (kynmök)	43	45	88	38,1%
4. Blóðþegar	0	4	4	1,7%
5. Móðir til barns	0	1	1	0,4%
6. Annað/óþekkt	5	2	7	3,0%
Samtals	169	62	231	100

GERUM SÓLPALLINN EINS OG NÝJAN

Við sérhæfum okkur í slípun og olíuburði á sólpöllum, gerum gamla pallinn flottari en nýjan. Fjalirnar verða rennisléttar og timbríð nær aftur sínum náttúrulega lit.



GÓLFÞJÓNUSTA ÍSLANDS

SÉRHÆFING Í VIÐHALDI GÓLFA

S: 897 2225

info@golfthjonustan.is | golfthjonustan.is

VEÐURSPÁ




Elísabet Margeirsdóttir
veður-
fréttamaður

SÓL OG HITI Vikan býður upp á ljóm- andi gott veður víðast hvar á landinu en það verður áfram bjart og milt á landinu næstu daga. Á miðvikudag þykknar aðeins upp vestan til og má búast við smá súld við ströndina.

Á MORGUN
Hæg vestlæg eða
breytileg átt.

MIÐVIKUDAGUR
3-8 m/s NV-til,
annars hægari.



HEIMURINN

Alicante	31°
Basel	27°
Berlín	25°
Billund	20°
Frankfurt	26°
Friedrichshafen	28°
Gautaborg	21°
Kaupmannahöfn	21°
Las Palmas	23°
London	23°
Mallorca	30°
New York	33°
Orlando	34°
Ósló	18°
París	27°
San Francisco	15°
Stokkhólmur	21°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

Sumarferðir

kynna með stolti nýjan áfangastað:

☆ Florida

St. Petersburg

VERÐ FRÁ

99.800 kr.

Flug og gisting í 8 nætur.



Árlega kemur fjöldi ferðamanna til sólarparadisarinnar St. Petersburg við Mexíkóflóa. Staðurinn er vinsæll áfangastaður hjá íbúum Norður-Ameríku og Evrópu. Borgin hefur verið nefnd „The Sunshine City“ eða „Sólarborgin“ enda eru skráðir sólardagar 360 á ári. Hótelin liggja við drifhvíta ströndina sem er einstaklega hrein og snyrtileg. Þar er fyrsta flokks aðstaða til sólbaða og sjósports. Hægt er að spreyta sig á seglbrettum, sjósleðum, svífa um í fallhlíf eða skella sér á sjóskíði. Skammt norður af St. Petersburg er borgin Tampa en þar er hinn vinsæli skemmti- og dýragarður Busch Garden. Fjöldi verslunarmiðstöðva er í nágrenni St. Petersburg með öllum vinsælustu verslunum N-Ameríku. Allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi!

FRÁBÆR
fjölskyldustaður!

SUMAR  FERÐIR

...eru betri en aðrar

KJÖRKASSINN



Ert þú sátt(ur) við störf Jóns Gnarr sem borgarstjóra hingað til?

JÁ	60,8%
NEI	39,2%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Tókst þú þátt í hátíðarhöldum Hinsegin daga?

Segðu þína skoðun á vísiris



6

Einn þriggja umsækjenda um stöðu framkvæmdastjóra Íslandsstofu segir trúnað hafa verið rofinn:

Formaður stjórnarinnar lofaði nafnleynd

ATVINNUMÁL Árni Geir Pálsson var einn þriggja umsækjenda sem boðaðir voru í viðtal vegna stöðu framkvæmdastjóra Íslandsstofu, ásamt Margréti Jónsdóttur og Jóni Ásbergssyni. Kom það fram í fréttum RÚV í gærmorgun. Árni er mjög ósáttur með nafnbirtinguna og segir Friðrik Pálsson, formann stjórnar Íslandsstofu, hafa lofað sér nafnleynd sem umsækjanda.

„Mér var heitið trúnaði og hann er núna rofinn. Ég bað um nafnleynd áður en umsóknarfræstur rann út og Friðrik féllst á það,“ segir Árni. „Hann tók skýrt fram að ég fengi tækifæri til að draga umsókn mína til baka ef sótt yrði á hann að birta nöfn umsækjenda. Þetta er ekki í neinu samræmi við eðlilega stjórnsýslu.“

Árni segist ekkert ætla að aðhafast í málinu en harmar verulega að nafn hans hafi komið upp í fjölmiðlum.

Kolbrún Halldórsdóttir, Einar Karl Haraldsson og Ólöf Ýrr Atladóttir, stjórnarmeðlimir hjá Íslandsstofu, vildu ekki tjá sig um málið. Vísað var í formann stjórnar, Friðrik Pálsson, en ekki náðist í hann.

Umfjöllun hefur verið í fjölmiðlum að undanförun varðandi kunningsskap Friðriks og Jóns Ásbergssonar. Þeir eiga að baki langt samstarf og eru saman í Rotaryklúbbi Reykjavíkur. - sv

FRÍÐRIK PÁLSSON Formaður stjórnar Íslandsstofu er sagður hafa lofað umsækjendum nafnleynd.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Aurskriða undir Eyjafjöllum: Féll afar nálægt bóndabæjum

HAMFARIR Mildi þykir að ekki fór verr þegar öflug aurskriða féll úr Steinafjalli við rætur Eyjafjallajökuls aðfaranótt laugardagsins. Skriðan féll mjög nálægt bæjum á svæðinu.

Mikil rigning hefur verið á svæðinu undanfarna daga og Skógafoss er grár af ósku.

Díana Ágústsdóttir, húsfreyja á bæ á svæðinu, segir í samtali við Vísir.is að skriðan sé um það bil 100 metra frá bænum. Hún nái niður á veg og sé full af gríðarmiklu stórgrýti. Díana segist vera ýmsu vön og ekki kippa sér mikið upp við það þó að skriða falli nánast á hús hennar. Ráðist var í vinnu við lagfæringar þar sem skriðan féll strax á laugardeginum. - sv

Sagðir í landhelgi N-Kóreu:

Sjö skipverjar handteknir

N-KÓREA, AP Yfirvöld í Norður-Kóreu drógu suður-kóreskan bát til lands og handtóku alla áhöfn hans í gær. Mennirnir og báturinn eru enn í haldi.

Áhöfnin er sökuð um að hafa verið að veiðum í landhelgi N-Kóreu. Fjórir Suður-Kóreumenn og þrír Kínverjar voru í bátinum. Þeir lögðu úr höfn 1. ágúst og áttu að snúa aftur 10. september. Þeir náðu sambandi við landhelgisgæslu S-Kóreu og greindu frá því að verið væri að draga bátinn til hafnar í Songjin.

Yfirvöld í Suður-Kóreu hafa kallað eftir því að mönnum og bátinum verði sleppt. Síðast þegar svipað mál kom upp var skipverjum haldið í N-Kóreu í mánuð. - þeb



ÓHEIMILT AÐ VINNA MAT Á LÁNSHÆFI EINSTAKLINGA Creditinfo-Lánstrausti var að mati Persónuverndar óheimilt að vinna og selja mat á lánsþæfi einstaklings án samþykkis. Myndin tengist ekki fréttinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNPÓR

Brotið gegn persónuverndarlögum

Persónuvernd telur að Creditinfo-Lánstrausti hf. hafi verið óheimilt að vinna mat á lánsþæfi einstaklings og selja til þriðja aðila án þess að samþykki viðkomandi lægi fyrir. Fyrirtækið segir þetta vera einstakt tilfelli.

PERSÓNUVERND Persónuvernd hefur úrskurðað að Creditinfo-Lánstrausti hf. hafi verið óheimilt að vinna og selja mat á lánsþæfi einstaklings án samþykkis viðkomandi. Fyrirtækið hafði viðurkennt fyrir Persónuvernd að samþykki hefði ekki legið fyrir en taldi það vera á ábyrgð kaupanda matsins að útvega samþykkið. Persónuvernd telur hins vegar að það sé hlutverk og skylda fyrirtækisins að tryggja sjálft með viðhlítandi ráðstöfunum að heimild standi til þeirrar vinnslu sem fyrirtækið stendur í.

Persónuvernd hafði borist erindi frá einstaklingi varðandi upplýsingar um hann sem fyrirtækið ATOZ Alhliða viðskiptaráðgjöf sf. fékk úr svonefndu einstaklingsskori Creditinfo, en um er að ræða útreikninga á lánsþæfi. Creditinfo

kvæðst við Persónuvernd gera það skilyrði gagnvart þeim sem kaupir upplýsingar af félaginu að hann hafi aflað samþykkis hins skráða en gengi sjálft ekki úr skugga um hvort slíkt samþykki hefði verið veitt. Fyrirtækið sendi þó þeim aðilum sem gert væri mat á tilkynningu eftir að matið lægi fyrir.

„Þetta snertir eingöngu ákveðna þjónustu hjá okkur, svokallað lánsþæfismat einstaklinga. Þessi vara er frábrugðin öðrum hjá okkur að því leyti að það eru gríðarlega ströng skilyrði fyrir því að fá svona mat. Þetta tiltekna dæmi er einstakt, þetta er eitt tilfelli, þar sem aðili hefur misnotað upplýsingarnar frá okkur og brotið þau ákvæði sem við höfum í okkar skilmálum,“ segir Samúel Ásgeir

White, sviðsstjóri fyrirtækjasviðs hjá Creditinfo.

Samúel segir að í kjölfar þess að þetta mál hafi komið upp hafi fyrirtækið hætt að bjóða upp á þessa þjónustu sem sé nú í endurskoðun. Aðspurður hvort ekki hefði verið eðlilegra að hafa samband við þá aðila sem unnið var mat á fyrirfram sagði Samúel: „Þessi aðili brýtur þær reglur og skilmála sem settir voru fyrir þessari þjónustu. Við leggjum það traust í hendur okkar viðskiptavina að þeir hafi samband við einstaklinginn sem vinna á mat á og það var ekki gert í þessu tilfelli. Auðvitað er þetta ekki fullkomið hjá okkur enda erum við búin að taka vöruna úr umferð og jú, hugsanlega þurfum við að endurskoða þetta ferli.“

magnusl@frettabladid.is

Stjórnarmaður í Hagsmunasamtökum heimilanna undrast ummæli bankastjóra:

Lítið gert úr aðallögfræðingi

STJÓRNSÝSLA Seðlabankastjóri gerir lítið úr aðallögfræðingi bankans, sem var sammála niðurstöðu lögfræðialíts um sennilegt ólöglegt gengislánanna, en bankinn þagði þunnu hljóði um niðurstöðuna. Þetta segir stjórnarmaður í Hagsmunasamtökum heimilanna sem telur framferðið í raun vantraustsýfirlýsingu á lögfræðinginn.

Lögfræðialít sem Seðlabanki Íslands fékk frá lögmannstofunni LEX 12. maí á síðasta ári benti til að sennilega voru gengistryggð lán ólögleg. 13 mánuðum síðar



MÁR GUÐMUNDSSON

dæmdu Hæstiréttur að lánin væru ólögleg. Már Guðmundsson seðlabankastjóri sagði við fréttastofu í gær að hvorki bönkum né skilaneftum hafi verið kynntar niðurstöður álítsins. Álitíð barst seðlabankanum um svipað leyti og samningaviðræður um uppgjör eigna gömlu bankanna stóðu sem hæst.

Marínó G. Njálsson, stjórnarmaður í Hagsmunasamtökum heimilanna, segir að lögfræðialítið hefði átt að vera birt almenningsi, hver sem niðurstaðan væri. Hann segir að aðallögfræðingur Seðlabankans hafi verið sammála álitinu, hann sé æðsti lögfræðingur fjármálakerfisins, og hans orð vegi þungt.

„Mér finnst þínulítið eins og Már sé að gera lítið úr lögfræðingnum og í raun er þetta vantraustsýfirlýsing á aðallögfræðing Seðlabanka Íslands,“ segir Marínó.

- hvj

LYFJA
- Lífið heil

www.lyfja.is



Nicotinell er samstarfsaðili Krabbameinsfélagsins

+20% afsláttur

af Nicotinel IceMint út ágúst í öllum verslunum Lyfju.

SIEMENS

Pvottavél og þurrkari frá Siemens.

Einstök gæði. Góð þjónusta.

Þetta eru tækin handa þér!

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 • Sími 520 3000
www.sminor.is



BYRJAÐU AÐ LÉTTAST OG
LÍÐA BETUR STRAX Í DAG

4 vikna Lúxusnámskeið NORDICASPA

fyrir konur og karla



Helga Pálsdóttir, 40 ára og 4 barna móðir.
Ráðgjafi hjá Allianz – Missti 8 kg á 9 vikum.
Að vera orkumeiri og léttari er orðinn lífsstíll hjá mér.
Ég gerði þetta af skynsemi og þú getur það líka!

Daglegur fróðleikur um **mat**
& **næringu** fullt af
uppskriftum



heitir **pottar** og
herðanudd
eftir hvern
tíma



Vikulegar mælingar
mikið **aðhald**



Lúxusnámskeið Nordicaspa
er hannað til að koma þér
af stað á mjög árangursríkan
og einfaldan hátt.

- Fimm tímar í viku – Brennsla og styrkur
- 3 öflugir brennslutímar
- 2 styrktartímar í sal
- Vikulegar mælingar
- Ítarleg næringarráðgjöf
- Fyrirlestur – Borðuðu til að léttast og auka orkuna
- Slökun og herðanudd eftir hverja æfingu
- Takmarkaður fjöldi
- **6:30, 7:30, 10:00, 16:30 og 18:30** fimm sinnum í viku
- Þjálfari er Gunnar Már Sigfússon

1. vika – Orkuhleðsla

Í fyrstu vikunni byggir þú upp orku og kemur líkamanum í jafnvægi.

2. vika – Öflug melting – Aukin brennsla

Í viku tvö er verið að efla og bæta meltinguna til að þú fái sem mest út úr holla matnum sem þú ert að borða.

3. vika – Hormóna jafnvægi – Hreinsun

Þriðja vikan mun koma jafnvægi á hormónaflæði líkamans sem mun hafa áhrif á skap þitt, lífsorku og kraft.

4. vika – Ónæmiskerfi eft – Jafnvægi

Í viku fjögur byggjum við upp ónæmiskerfið og hjálpum því að verja líkamann á náttúrulegan hátt.

Ný námskeið hefjast 16. ágúst

Fyrirlestur 14. ágúst kl. 12:00

Kr. 34.900

Skráning er hafin í síma 444 5090 eða
nordicaspa@nordicaspa.is ■ www.nordicaspa.is

N O R D I C A S P A





1. Hvaða íslenska stuttmynd verður frumsýnd á kvikmynda-hátíðinni RIFF í haust?
2. Hver er forstjóri Alcoa á Íslandi?
3. Eftir hvaða látna íslenska rithöfund er ný bók væntanleg?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30

Fiskidagurinn mikli haldinn í tíunda sinn á Dalvík um helgina við mikinn fögnuð viðstaddra:

Yfir 30 þúsund gestir voru í bænum

DALVÍK Yfir þrjátíu þúsund manns lögðu leið sína til Dalvíkur um helgina til að taka þátt í fiskideginum mikla. Hátíðin hélt upp á tíu ára afmæli sitt í ár.

„Það er ekki hægt að segja neitt annað en að miðað við þennan gríðarlega fjölda hafi allt farið mjög vel fram,“ segir Júlíus Júlíusson, framkvæmdastjóri fiskidagsins mikla. Segir hann gesti almennt hafa verið gríðarlega ánægða og sátta við daginn, enda veðrið eins og best var á kosið.

„Það eru margir sammála um það að þetta hafi verið besti fiskidagur til þessa,“ segir Júlíus. Á milli 5 og 6 þúsund lítrar af fiskisúpu fóru ofan í gesti og gangandi að kvöldi

föstudagsins og yfir 120 matarskammtar fóru á sjálfum fiskideginum mikla.

Júlíus segir engar aðrar ákvarðanir vera á lofti en að halda áfram með hátíðina að ári. „Á þriðjudegi eftir hvern fiskidag verða ákvarðanir teknar og ég sé engin merki þess að við höldum ekki áfram.“

Felix Jósafatsson, varðstjóri hjá lögreglunni á Dalvík, segir fleiri hafa gíst heldur en áður og vel hafi gengið að koma fólki úr bænum.

„Veðrið er svo gott að menn eru ekkert að flýta sér,“ segir Felix. „Það eru allir voða rólegir.“



FISKIDAGURINN MIKLI Yfir 120 þúsund matarskammtar fóru á hátíðinni í ár, sem haldin var í tíunda sinn.

- SV



JÖRG HAIDER Orðrómur um stórar fjárhæðir á reikningum í Sviss.

NORDICPHOTOS/AFP

Austurríkisstjórn gagnrýndi:

Lítið aðhafst gegn spillingu

AUSTURRÍKI Svisslendingurinn Mark Pieth, sem er yfirmaður nefndar á vegum Efnahags- og framfarastofnunarinnar OECD gegn spillingu í viðskiptum, segir Austurríki vera gríðastað spillingar.

Stjórnvöld hafi lítið gert til að hindra spillingu í viðskiptum. Meðal annars hafi engin rannsókn farið fram á því hvort austurrísk fyrirtæki hafi greitt stórar fúlgur á sínum tíma í mútur til stjórnar Saddams Hussein, eins og grunur leikur á um. Þá telur hann mögulegt að fé frá Saddam Hussein eða Moammar Gaddafi kunni að liggja á reikningum í Sviss.

Hávær orðrómur hefur auk þess undanfarna daga gengið um að Jörg Haider, hinn látni leiðtogi Frelsisflokksins, hafi átt stórfé á reikningum í Sviss, sem hugsanlega sé jafnvel komið frá Saddam eða Gaddafi.

- gb

Meira en þúsund saknað

127 manns hið minnsta hafa látist og 1.300 er saknað eftir aurskriður og flóð í norðvesturhluta Kína um helgina. Pykk og djúp leðja hamlar björgunaraðgerðum. Flóðin á árinu eru þau verstu í meira en áratug.

KÍNA, AP Að minnsta kosti 127 manns létust og 1.300 er saknað eftir aurskriður og flóð í norðvesturhluta Kína um helgina. Yfir 45 þúsund manns hafa verið flutt frá heimilum sínum á svæðinu.

Verst er ástandið í Gansu-héraði, sem er einangrað og að mestu leyti tíbeskt svæði. Þrjú þúsund hermenn og 100 heilbrigðisstarfsmenn hafa verið sendir á svæðið og hafði tekist að bjarga um sjö hundruð manns í gær. Gríðarlega þykk og djúp leðja hamlar björgunaraðgerðum, sem nú nær um eins metra dýpt þar sem mest er. Hvorki er hægt að ganga né keyra í gegnum hana, og ekki er hægt að nota vinnuvélar. Því notar björgunarfólk aðeins litlar skóflur, fötur og hendurnar. Erfitt reynist einnig að koma birgðum af vatni, mat, tjöldum og lyfjum á svæðið.

Kínversk yfirvöld hafa lofað að verja 500 milljónum júana, um 8,6 milljörðum íslenskra króna, í neyðaraðstoð vegna hamfaranna. Wen Jiabao forsætisráðherra flaug til Gansu í gær og talaði við yfirvöld á svæðinu. Hann lýsti því yfir að engu skyldi til sparað við björgunaraðgerðirnar og það að bjarga mannlífum.

Aurskriður féllu um miðnætti aðfaranótt sunnudags eftir miklar rigningar allan laugardaginn. Margt fólk var því sofandi á heimilum sínum þegar skriðurnar féllu. Fjölmíðlar á staðnum segja að ein aurskriðan hafi jafnað heilt þorp við jörðu.

Aurskriðurnar ruddu leðju og braki í ána Bailong á svæðinu svo að stífla myndaðist. Vatnsyfirborðið hækkaði því mikið og þriggja kílómetra stöðuvatn myndaðist sem olli flóðum.

Talið er að yfir 1.400 manns hafi látist í



LEITAD Í AURNUM Björgunarmenn og íbúar leituðu að fólki í leðju og braki í gær.

NORDICPHOTOS/AFP

Einnig flóð í Indlandi og N-Kóreu

Fimm hundruð manns er enn saknað eftir flóð og aurskriður í Kasmír-héraði í Indlandi fyrir helgi. Alls 132 hafa þegar látist og 500 slasast. Meðal hinna látnu voru að minnsta kosti fimm ferðamenn, en svæðið er vinsælt meðal þeirra.

Fjölmíðlar í Norður-Kóreu hafa einnig greint frá

því að 5.500 heimili hafi skemmt eða eyðilagst í flóðum þar í landi undanfarið. Þá hafa tæplega fimmtán þúsund hektarar landsvæðis eyðilagst. Flóðin hafa þó hingað til valdið mun minni skaða en síðustu flóð í landinu, þegar um 600 létust og 100 þúsund misstu heimili sín.

mið- og suðurhluta landsins, í verstu flóðum sem orðið hafa í Kína í rúman áratug á árinu. 1,4 milljónir heimila hafa eyðilagst, tólf

milljónir manna þurft að yfirgefa heimili sín og rúmlega 87 þúsund ferkílómetrar af uppskeru hafa eyðilagst.

thorunn@frettabladid.is

Þú getur safnað áheitum á hlaupastyrkur.is

Skráning er í fullum gangi í Reykjavíkumaraþon Íslandsbanka sem fer fram þann 21. ágúst. Ef þú vilt hlaupa til góðs getur þú nú fengið vini, vandamenn, fyrirtæki eða bláðkunnuga til að heita á þig á vefsíðunni hlaupastyrkur.is

Skráðu þig strax til leiks og byrjaðu að safna.

27 REYKJAVÍKUR ÁRA MARAÞON ÍSLANDBANKA 21. AGÚST 2010

- Stoltur bak hjarl hlaupsins síðan 1997

ÚTSALA REKKJUNNAR

40% AFSLÁTTUR!
KING KOIL HEILSURÚM
(Queen Size 153x203)
Fullt verð 159.451 kr.
NÚ 95.671 kr.

30-70% AFSLÁTTUR!



By King Koil®

HÁGÆÐA AMERÍSK HEILSURÚM Í 112 ÁR

King Koil hefur framleitt hágæða heilsurúm í Bandaríkjunum í 112 ár. King Koil hefur verið gríðarlegum fjármunum og tíma í þróun og prófanir. Á þessum tíma hefur King Koil náð miklum og góðum árangri sem endurspeglast í viðurkenningum sem fyrirtækinu hafa verið veitt í gegnum árin. Í dag er King Koil einu heilsurúmin sem eru bæði með vottun frá FCER (Alþjóðasamband Kiropraktora) og Good Housekeeping (Stærstu neitandasamtök í Bandaríkjunum).



rekkjan

25% afsláttur í ágúst

A4 Bréfsefni



500stk. ~~30.710kr~~
með 25% afslætti **23.033kr**

Verð er gefið upp án vsk. og aksturs. Verð getur breyst án fyrirvara. Rétt verð má sjá á www.odd.is. Allir uppgæfnir vinnslutímar miðast við samþykki lokaprófarar og afhendingu vöru inn á afgreiðslulager Odda. Vinnslutímar geta tekið breytingum. Birt með fyrirvara um prentvillur. Afsláttur gildir ekki með öðrum tilboðum.

Oddi

Oddi - umhverfissvottuð prentsmíðja. Höfðabakka 7, 110 Reykjavík, sími 515 5000, www.odd.is

Útivistarleikur Homeblest

DETTUR ÞÚ Í LUKKUPOTTINN?

Ef þú kaupir **Homeblest 300 g** kexpakka gætir þú unnið glæsilegan vinning.

6 x 50.000 kr. úttektir
30 x 15.000 kr. úttektir
frá Útilífi, Intersport eða Markinu.

Er glaðningur í pakkanum þínum?

ÚTILÍF INTERSPORT MARKIN

Orkuveita Reykjavíkur

Ganga á Nesjavöllum II

Þriðjudaginn 10. ágúst verður Fræðslustígurinn við Nesjavelli genginn að hluta. Um er að ræða gönguleið þar sem fræðst er um náttúruna, söguna, jarðfræðina og hvernig orkan í Henglinum hefur verið beisluð. Gangan hefst kl. 19:30 við Nesjavallavirkjun og er þátttaka ókeypis og allir velkomnir. Leiðsögumaður er Almar Sigurðsson, kynningarfylltrúi Hellsheiðavirkjunar.



• Orkuveita Reykjavíkur rekur stærstu jarðvarmaveitu í heimi. Athugið að efni dagsins getur riðlast af ýmsum ástæðum og er því bent á að nánari upplýsingar er að finna á vef Orkuveitunnar. www.or.is

512 54 01 Auglýsingasími

Alt sem þú þarft.

Flóðin í Pakistan hafa valdið gríðarlegu tjóni og kostað 1.600 manns lífið:

Raska lífi fjórtán milljón manna

PAKISTAN, AP Flóðin í Pakistan hafa raskað lífi 14 milljóna manna. Um 650 þúsund hús eru eyðilögð og meira en 1.600 manns hafa látið lífið.

Ekki var hægt að flytja neyðargögn með þylrum til flóðasvæðanna í norðvestanverðu Pakistan vegna mikils hvassviðris í gær. Rokinu fylgdi enn meiri rigning ofan í flóðin, en þúsundir manna hafast þar við í tjöldum eða hafa komið sér fyrir í troðfullum bygg-ingum ríkisstofnana.

Um 30 þúsund pakistanskir hermenn vinna hörðum höndum að

því að endurreisa brýr, fara með matvæli til nauðstaddra og setja upp neyðarbúðir. Erlend ríki og Sameinuðu þjóðirnar hafa látið milljónir dala af hendi rakna til hjálparstarfsins.

Verstu flóðin hafa orðið í norðvesturhluta landsins, sem einnig hefur verið vettvangur átaka milli stjórnarhers landsins og herskára múslima, meðal annars talibana.

Stjórnin hefur verið gagnrýnd fyrir að aðhafast ekki nóg, ekki síst eftir að Asif Ali Zardari forseti ákvað að halda ótrauður



ALLT Á FLOTI Pakistanskur drengur lítast um á heimili sínu. NORDICPHOTOS/APP

áfram í utanlandsferð þegar neyðin heima fyrir var sem stærst.

Bandaríkjaher hefur tekið virkan þátt í hjálparstarfinu og vonast til þess að bæta með því ímynd sína meðal heimamanna. - gb

Bændur nýti sitt eigið landsvæði

Landgræðslustjóri vonar að bændur muni í framtíðinni nýta fyrst og fremst sitt eigið land. Þá farnist öllum gróðri vel. Talsmaður sauðfjárbænda segir bændurna fara eftir reglum um lausagöngu sauðfjár en viðurkennir frávik.

UMHVERFISMÁL Landgræðslustjóri segir skaðann af lausagöngu sauðfjár á gróður landsins hafa snarminnkað síðustu áratugi. Hross séu höfð innan girðingar að mestu leyti.

„Ég trúir því að á komandi árum muni bændur fyrst og fremst nýta eigið land. Þá mun öllum gróðri farnast vel,“ segir Sveinn Runólfs-son landgræðslustjóri.

„En því miður er of víða á landinu ágangur af sauðfé á annarra lönd og þeir sem verða fyrir því telja að bændur séu að fremja eignaupptöku á þeirra landi,“ segir Sveinn.

Framkvæmdastjóri Landssamtaka sauðfjárbænda segir hins vegar að almennt séu þessir hlutir í lagi.

„Almennt er það svo, þótt það séu tilvik þar sem girðingar eru ekki í lagi,“ segir Sigurður Eypórsson, framkvæmdastjóri Ls. Spurður hvort bændur sjálfir telji sig gera nóg til að koma í veg fyrir ágang sauðfjár á annarra manna lönd, segir hann bændur fara eftir þeim reglum sem gilda í hverju sveitarfélagi.

Þorvaldur Gylfason prófessor skrifaði í blaðið á fimmtudag um „Þjóðlegan uppblástur“. Þorvaldur vitnaði þar í fyrrverandi landgræðslustjóra, Runólf Sveinsson, föður núverandi landgræðslustjóra.

Runólfur sagði árið 1947 að til að reka sauðfjárrækt sem ræktunarbúskap en ekki sem rányrkju og hirðingjabúskap þurfi að girða sauðféð af og hafa það á ræktuðu landi.

Sveinn landgræðslustjóri segir hlæjandi að rányrkjan sé mun



SAUÐFÉ Í VEGINUM Formaður Landssamtaka sauðfjárbænda segir að bændur bæti ekki tjón bílstjóra, þótt sauðfé hlaupi fyrir bíl á þjóðvegum úti. Hins vegar þurfi bílstjórar ekki að bæta fyrir dýrið. MYND/ÚR SAFNI



SVEINN RUNÓLFSSON

SIGURÐUR EYÞÓRSSON

minni en áður var. Ástandið hafi gjörbreyst síðan 1947 og nú séu stærstu verkefni Landgræðslunnar í samvinnu við bændur. Þetta séu erfið mál og viðkvæm, en lagist eftir því sem sauðfé fækkar.

Sigurður Eypórsson kannast ekki við ofbeiti nú til dags.

Í fyrrnefndri grein Þorvaldar gagnrýndi hann VG – sem fer með bæði umhverfis- og landbúnaðar-ráðuneyti – fyrir að hafa ekkert gert í þessum málum, en kalla sig umhverfisflokk. Enginn umhverfisráðherra hafi þorað að stugga við sauðkindinni frá stofnun ráðuneytisins. Ef til vill óttist flokkarnir að missa atkvæði til sveita.

Umhverfisráðherra, Svandís Svavarsdóttir, vill ekki svara fyrirspurnum um þetta, en býðst til að gera það eftir helgi. „Þorvaldur er að egna mig til dáða,“ segir hún.

klemens@frettabladid.is

Góð reynsla af notkun tölvuforrís í stærðfræðikennslu í Hraðbraut:

Menntaskólastærðfræði kennd með hjálp tölvuforríta

MENNTUN Kennslubókin Stærðfræði í takt við tímann kom nýlega út en um er að ræða kennslubók í stærðfræði sem byggir á kennslu með notkun tölvuforríta. Bókin er ætluð framhaldsskólanemum en með henni skal nota stærðfræðiforrítið Maple.

Ellert Ólafsson verkfræðingur er höfundur bókarinnar. Hann segir tölvuvæðingu stærðfræðikennslu vera byltingu sem muni valda miklum breytingum á næstu árum. „Ég veit ekki hvort það á að kalla þetta kennslubók því þetta er byltingarkennd bók. Það er verið að umturna aðferðinni við stærðfræðikennslu og efnið í stærðfræðinni mun breytast alveg,“ segir

Ellert. Hann segir að sá utanbók-arlærdómur sem nú tíðkast geri engum gagn og að það sé einfaldlega úrelt að kenna stærðfræði án annarra verkfæra en blaðs og blýants.

Í menntaskólanum Hraðbraut hefur undanfarin þrjú ár verið notast við Maple í stærðfræðikennslu. Viðar Ágústsson hefur kennt stærðfræði með hjálp forrísins undanfarin þrjú ár. Hann segist mæla með notkun þess. „Ég hef verið að nota Maple í efri stærðfræðiaföngunum í Hraðbraut. Ég kenni nemendum að nota forrítið til að sjá hvort lausnirnar þeirra séu réttar og til að sjá hver leiðin að lausninni er,“ segir Viðar og



ELLERT ÓLAFSSON Höfundur kennslubókarinnar segir að tölvutækni muni valda byltingu í stærðfræðikennslu á næstu árum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNPÓR

bætir því við að þetta gefi nemendum sjálfstraust til að glíma við dæmin og möguleikann á að leika sér svoltið með þau. - mpj

AEG

- TN-65470
Barkalaus þurrkari með fullkomnum rakaskynjara og fjölmörgum sérkerfum
- ✓ Tekur allt að 7 kg
 - ✓ Rakaskynjari - stoppar sjálfkrafa þegar þvotturinn er þurr
 - ✓ Stór lúga 40x31,5 cm
 - ✓ Sérkerfi fyrir m.a. sængurfatnað, ull og sportfatnað
 - ✓ Hljóðmerki í lokin
 - ✓ Skjár sem sýnir lengd kerfis
 - ✓ Hljóðlátur
 - ✓ Krumpuvörn og niðurkæling
 - ✓ Verð áður kr 139.900

7
KG



Barkalaus
Rakaskynjari

ÞÚ SPARAR
40.000

Verð nú
99.900

AEG

- LN-69260
Vönduð þvottavél með notenda-vænu stjórnborði og stóru hurðaropi
- ✓ 1200 sn. stillanlegur vinduhráði
 - ✓ Tekur allt að 6 kg. af taui
 - ✓ Hraðval
 - ✓ Hægt að stilla gangsetningu allt að 20 klst. fram í tímann
 - ✓ Stórt 30 cm hurðarop
 - ✓ Óflugt handþottakerfi
 - ✓ Sérstök blettameðhöndlun
 - ✓ Ullarvaggja
 - ✓ A+/A einkunn fyrir orkunýtni og þvottahæfni
 - ✓ Verð áður kr 134.900

6
KG

1200
SNÚNINGA



ÞÚ SPARAR
35.000

Verð nú
99.900

AEG

- LN-73471
Ný þvottavél í A++ orkuflökki með Super Øko sparnaðakerfi. Sérstaklega hljóðlát.
- ✓ 1400 sn. stillanlegur vinduhráði
 - ✓ Tekur allt að 7 kg. af taui
 - ✓ Hraðval 30-55% tímasparnaður á algengum kerfum
 - ✓ Silence System Plus kolalaus mótur tryggir lengri endingu, meiri hraða og hljóðláta vinnslu
 - ✓ LCD tímaskjár & stórt hurðarop
 - ✓ Fjöldi sérkerfa m.a. fyrir teppi, ull og sportfatnað. Óflugt ullar- og handþvottakerfi
 - ✓ A++/A einkunn fyrir orkunýtni og þvottahæfni
 - ✓ Verð áður kr 169.900

7
KG

1400
SNÚNINGA



Kolalaus mótur!

ÞÚ SPARAR
40.000

Verð nú
129.900

AEG

- LN79680
Toppgerðin frá AEG. Hér geturðu þvegið m.a. sængur og mottur, heil 8 kíló af taui. Hér er allt til alls.
- ✓ 1600 sn. hraðþvottavél með stórum LCD skjá
 - ✓ Tekur allt að 8 kg. af taui
 - ✓ Silence System Plus kolalaus mótur tryggir lengri endingu
 - ✓ Hraðval 30-55% tímasparnaður
 - ✓ Fjöldi sérkerfa m.a. Super Øko, ullarvaggja, sport, teppi
 - ✓ Aqua control vatnslekavörn
 - ✓ Fuzzy Logic þvottatækni
 - ✓ A++/A einkunn fyrir orkunýtni, þvottahæfni og þeytivindu
 - ✓ Innbyggð lýsing í tromlu
 - ✓ Verð áður kr 179.900

8
KG

1600
SNÚNINGA

AEG
TOPP
MÓDEL
★★★★★



Kolalaus mótur!

ÞÚ SPARAR
30.000

Verð nú
149.900

9.-16. AGÚST

VERÐFALL VIKUNNAR

Electrolux

- EUC-31205W
Vandaður frystiskápur frá Electrolux í Svíþjóð. Toppgæði á botnverði.
- ✓ 267 lítrar nettó / 305 lítrar brúttó
 - ✓ 5 stórar stórar og millistórar skúffur þ.á.m.
 - ✓ MaxiBox frystiskúffa með meira rými
 - ✓ Hitastillir og hraðfrysting
 - ✓ Aðvörðunarljós og hljóðmerki
 - ✓ Hljóðlátur aðeins 39 dB (A)
 - ✓ HxBxD: 175x59,5x60 cm
 - ✓ Verð áður kr 159.900



267 lítrar

ÞÚ SPARAR
60.000

Verð nú
99.900



95 lítrar

ÞÚ SPARAR
25.000

Verð nú
39.900

Electrolux

- ELK-12022HV
Mjög vönduð eldavél með ekta blástursofni og keramik helluborði
- ✓ Ekta heitur blástur
 - ✓ Alls 8 eldunarkerfi
 - ✓ Hraðhellur
 - ✓ Sjálfhrensandi ofn
 - ✓ Kæld þríglerjuð hurð
 - ✓ 2 plötur, 1 ofnskúffa og 1 grind
 - ✓ HxBxD: 85/90x59,5x60 cm
 - ✓ Verð áður kr 159.900

Heitur blástur

Sjálfhrensandi

ÞÚ SPARAR
30.000

Verð nú
129.900



exquisit

- KGC-160/40
✓ Kæli 115 lítrar og frystir 40 lítrar
- ✓ Orkuflökkur A
 - ✓ Sjálfvirk affrysting í kæli
 - ✓ HxBxD: 123x50x58 cm
 - ✓ Verð áður kr 74.900



123
CM

ÞÚ SPARAR
30.000

Verð nú
44.900

exquisit

- KGC-330/100
✓ Kæli 144 lítrar og frystir 65 lítrar
- ✓ Orkuflökkur A
 - ✓ Sjálfvirk affrysting í kæli
 - ✓ HxBxD: 161x55x60 cm
 - ✓ Verð áður kr 89.900



161
CM

ÞÚ SPARAR
35.000

Verð nú
64.900

3xA
EINKUNN

49
DESIBIL

45 CM!

ÞÚ SPARAR
25.000

Verð nú
69.900



exquisit

- GSP-909EAL
Aðeins 45 cm breið uppþvottavél með 6 þvottakerfum
- ✓ Tekur borðbúnað fyrir allt að 8 manns
 - ✓ Þurrkun með hita
 - ✓ HxBxD: 85x45x58 cm
 - ✓ Verð áður kr 94.900

STÁL

ÞÚ SPARAR
40.000

Verð nú
109.900

3xA
EINKUNN

47
DESIBIL



AEG

- F-45003M
Mjög vel búin og hljóðlát vél frá AEG með vandaðri innréttingu
- ✓ Auto kerfi - sama kerfið, alltaf skínandi hreint
 - ✓ Þvottakerfi og sparnaðarkerfi
 - ✓ Skjár sem sýnir eftirstöðvar tíma
 - ✓ Vönduð innrétting sem hentar öllu leirtaui
 - ✓ Verð áður kr 149.900

Rafha ehf

Opið virka daga 10-18
Lokað laugardaga í ágúst

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500
www.rafha.is

Hinsegin dagar 2010



FRÚ BORGARSTJÓRI Jón Gnarr lét sig ekki vanta og leiddi gönguna í vagni frá framkvæmdasviði borgarinnar.



BÍLSTJÓRI DROTTNINGAR Draggdrottningu Íslands var ekið af Ómari Ragnarssyni í einum minnsta bíl landsins.

HERRA HINSEGIN 2010 Vilhjálmur Þór Davíðsson er fyrsti Íslendingurinn til að hampa titlinum Herra Hinsegin og bar hann borðann stoltur niður Laugaveginn í svörtum sportbíl.
FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Glæsileg Gleðiganga með litum og látum

Mikið var um dýrðir á hinni árlegu Gleðigöngu á laugardag sem haldin var í tíunda sinn í ár. Talið er að um níutíu þúsund manns hafi lagt leið sína í miðborgina til að taka þátt í fagnaðarlátunum. Borgarstjóri, Páll Óskar, Haffi Haff og Ómar Ragnarsson voru meðal þeirra sem ferðuðust niður Laugaveg í prýddum vögnum af hinum ýmsu stærðum og gerðum.



PÁLL ÓSKAR
Diskódívan Páll Óskar kom fram í gríðarmiklum, rauðum kjól og gladdi gesti með konfetti-sprengjum og söng.

TAUMLAUS GLEÐI
Margt var um manninn í Göngunni miklu. Búningar og fylgihlutir voru af öllum stærðum og gerðum og talið er að um níutíu þúsund manns hafi komið saman í kringum Arnarhól í lok göngunnar til að taka þátt í hátíðarhöldum Hinsegin daga.

Allt að **6,35%**
innlánsvextir*

Óbundinn og óverðtryggður sparnaðarreikningur



Sæktu um... www.s24.is

*M.v. vaxtatöflu S24 01.07.2010

Sími 533 2424

LÁN TIL GÓÐRA VERKA



- Engin lántökugjöld
- **5,75% óverðtryggðir vextir**
(Vaxtakjör sambærilegra skuldabréfalána eru í dag frá 9,25%)*
- Lánstími allt að **fimm ár**
- Umsóknarfrestur er til **30. september 2010**



Hagstæð framkvæmdalán

Íslandsbanki býður nú viðskiptavinum sínum hagstætt framkvæmdalán til endurbóta eða framkvæmda á fasteignum, lóðum og sumarhúsum. Með þessu viljum við leggja okkar af mörkum til átaksins **Allir vinna** og eiga þátt í að koma hjólum atvinnulífsins af stað.

Lánin eru veitt til einstaklinga með trausta viðskiptasögu og góða greiðslugetu. Hámarksfjárhæð hvers láns er 1,5 milljón króna gegn veði en veitt eru lán án veðs allt að 750.000 kr. að undangengnu mati á greiðslugetu.

Afgreiðsla framkvæmdaláns er gegn framvísun reikninga fyrir vöru- og þjónustukaupum sem tengjast framkvæmdum til 30. september 2010.

Allar nánari upplýsingar fást í útibúum Íslandsbanka eða á www.islandsbanki.is

* Vextir skv. vaxtatöflu Íslandsbanka 1. júlí 2010. Vextir taka mið af kjörvöxtum óverðtryggðra skuldabréfalána en veittur er fastur 2% vaxtafrádráttur frá þeim.

Allir vinna er hvatningarátak stjórnvalda og aðila úr atvinnulífinu sem miðar að því að hvetja einstaklinga til að leggja sitt af mörkum til sköpunar atvinnu á Íslandi.

Peir sem ráðast í framkvæmdir á heimilinu eða í sumarhúsinu eiga rétt á **100% endurgreiðslu** á virðisaukaskatti af vinnulaunum og skattafrádrætti sem getur numið allt að 300.000 kr.

Nánari upplýsingar er að finna á allirvinna.is.

Fjölgun nýsmitaðra af HIV er áhyggjuefni.

Kæruleysið verður að uppræta

Pegar HIV-veiran og alnæmið varð fyrst þekkt meðal almennings undir miðjan níunda áratuginn greip um sig hræðsla, ekki síst meðal ungs fólks. Frá frjálsræðisbyltingunni í kynlífmálum í kringum 1970 og fram að því að HIV-veiran varð þekkt hafði margt ungt fólk iðkað kynlíf sem fráleitt gat talist ábyrgt eftir að HIV-veiran varð þekkt.

Áróður næstu ára á eftir beindist að því að fræða fólk, einkum ungt fólk, um það hvernig koma mætti í veg fyrir smit. Sú fræðsla skilaði árangri. Í það minnsta er flestum nú ljóst hvernig HIV smitast og sömuleiðis hvernig það smitast ekki. Þekkingarleysi er þannig ekki um að kenna að þeim fjölgar nú sem greinast HIV-smitaðir.

Í ljós kom að veiran fór ekki alveg eins hratt og óttast hafði verið í upphafi. Auk þess varð hröð þróun í lyfjum sem gefin voru HIV-jákvæðum. Þetta hefur trúlega leitt til þess að óttinn við sjúkdóminn minnkaði en nú er svo komið að fjöldi HIV-greininga hefur ekki verið meiri síðan 1985. Sama þróun á sér stað í nágrannalöndum okkar.

Svavar G. Jónsson, varaformaður HIV Ísland, hefur áhyggjur af vaxandi kæruleysi gagnvart sjúkdómnum. Í frétt í blaðinu í dag segir hann að sárlega vanti hér aukna fræðslu og umræðu um sjúkdóminn. Hann telur kæruleysið stafa af því að fólk þekki hversu öflug lyfin eru sem gefin eru HIV-smituðum en bendir á að þótt fólk lifi með þessum lyfjum þá sé HIV-smit háalvarlegt mál. „Þetta er ekki eins og að skera sig á fingri – það er engin lækning,“ segir hann og bendir á að lyfin séu svo dýr að fyrir árlegan lyfjakostnað eins einstaklings mætti reka forvarnastarf í heilt ár.

Sérstök ástæða er til að gefa því gaum að þótt hommar hafi í upphafi verið sá hópur þar sem flest fórnarlömb sjúkdómsins var að finna þá er það löngu liðin tíð. Að tengja HIV sérstaklega við samkynhneigða karlmenn er þannig algerlega villandi. Það er því ánægjulegt til þess að vita að Álfheiður Ingadóttir heilbrigðisráðherra hyggst skoða hvort ekki sé kominn tími til að endurskoða reglur um blóðgjafir samkynhneigðra karlmanna sem stöðvaðar voru á sínum tíma.

Kynmök eru eftir sem áður sú smitleið HIV sem algengust er þrátt fyrir að sprautufíklar séu vissulega stór áhættuhópur. Síðustu tíu ár eru flestir sem greinast HIV-smitaðir gagnkynhneigt fólk sem smitast við kynmök. Það er því ekki síst í þessum hópi sem auka þarf árveknina fyrir HIV-smithættunni. Þrátt fyrir að þekkingin á smitleiðunum og því hvernig koma má í veg fyrir smit sé áreiðanlega fyrir hendi þá þarf greinilega að auka umræðuna.

Svo virðist sem við höfum sofnað á verðinum gagnvart HIV og séum að vakna upp við þann vonda draum að hættan á smiti er raunveruleg og hún er fyrir hendi hjá öllum sem ekki gæta að sér. Góðu fréttirnar eru þó þær að það er einfalt að verjast veirunni með því einu að lifa ábyrgu kynlífi.

FRÉTTABLAÐIÐ
 ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar eht. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUFLAGSSTJÓRI: Ari Edwald
 RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is ADSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is
 Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafærnu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Svalandi lífræninir og bragðgóðir safar

• Lífrænt ræktað hráefni
 • Án viðbættis sykurs
 • Engin rotvarnarefni

Fæst í heilsuúðum, og matvöruverslunum

heilsa
 -hafðu það gott

FRÁ DEGI TIL DAGS

Heil eða hálf sameining

Lilja Mósesdóttir tilheyrir órölegu deildinni innan þingflokks VG sem telur VG hafa orðið undir í ríkisstjórnarsamstarfinu. Orðrómur hefur verið uppi um að Lilja og jafnvel fleiri hafi áhuga á því að yfirgefa VG og ganga til liðs við Hreyfinguna. Lilja var á laugardag spurð að því hvort slíkt stæði til og svaraði að algjörlega ótímabært væri að tala um hvort hún sameinaðist Hreyfingunni að einhverju leyti. Ekki er þetta svar til þess fallið að draga úr orðrómnum en nú velta menn líka fyrir sér hvort Lilja hyggi á heila eða hálfá sameiningu.



Hinn frjálsi markaður

Haraldur Benediktsson, formaður Bændasamtakanna, birti grein í Morgunblaðinu á laugardag þar sem hann bregst við gagnrýni sem komið hefur fram á nýtt frumvarp til búvörlaga. Þar segir hann bændur fúsa til endurskoðunar á núverandi landbúnaðarkerfi en bætir því síðan við að landbúnaður sé ekki atvinnugrein sem geti staðið undir öllum dultlungum hins frjálsa markaðar. Það sem Haraldur á við er að bændur eru samsagt tilbúnir til að breyta kerfinu en þó án þess að auka samkeppni sem er einmitt kjarninn í gagnrýnni á núverandi kerfi.

Hvað segir Morrinn?

Ummæli Jóns Gnarr um að Múminpabbi segi lífið í Múmindal vera betra eftir að Finnar gengu í ESB hafa vakið athygli. Sumum hefur þó þótt þetta full einhliða umfjöllun um skoðanir íbúa Múmindals því eins og aðdáendur þekja er ekki eintóm samstaða í dalnum. Þar býr nefnilega líka Morrinn sem hefur oft valdið usla í dalnum. Heyrst hefur að Morrinn hafi ekki riðið feitum hesti frá inn göngu Finna í ESB og finni sambandinu flest til foráttu. Skoðanir íbúa Múmindals eru því jafn skiptar um ESB og skoðanir annarra.



magnusl@frettabladid.is

HALLDÓR



Aldrei aftur

Kjarnorku-árásir



Árni Svanur Danielsson og Kristín Þórunn Tómasdóttir prestar

Þegar við vorum að skrifa inn í unglingsárin á síðustu öld hélt angistin yfir mögulegu kjarnorkustríði fyrir okkur vöku. Lístrænar útfærslur á hörmungum kjarnorkuvetrar og afleiðingum hans fyrir mannfólkið rötudu iðulega á sjónvarpsskjáinn. Fréttir af ísköldu vopnkapplausi stórveldanna voru daglegt brauð í fjölmiðlum.

Sextíu og fimm ár eru liðin síðan kjarnorkusprengjum var varpað á borgirnar Hiroshima og Nagasaki í Japan, við lok heimsstyrjaldarinnar síðari. Við þessi tímamót er þess virði að nema staðar og íhuga sársaukann sem fylgir þeim.

Það er sársaukinn yfir fórnarlömbum árasarinnar, þeim sem dóu og þeim sem þjáðust og þjást enn þann dag í dag vegna afleiðinga sprengjunnar á líkama og náttúru. Það er sársaukinn yfir því að enn þá lifir heimurinn við kjarnorkuvá sem ógnar friði og stöðugleika. Það er sársaukinn yfir því að frá því sprengjan féll árið 1945, skiptist heimurinn í ríki sem hafa tekið sér rétt til að að framléiða og eiga þessi gjöreyðingarvopn, og mikinn meirihluta ríkja sem eiga þau ekki.

Við tökum undir með þeim sem hafna

því að ójafnvægi og klofningur á borð við þetta sé afsprengi menningar okkar. Heilræði Biblíunnar til manneskjunnar er að velja lífið svo að allir fái lífað. Í þeim anda berjumst við gegn kjarnorkuvopnum. Það er ekkert pláss fyrir vopn sem ógna lífi manneskjunnar og jarðarinnar, eins og kjarnorkusprengjan gerir.



Aldrei aftur Hiroshima. Aldrei aftur Nagasaki.

Kalda stríðið og kjarnorkuváin heldur ekki vöku fyrir unglíngunum okkar í dag. En það er full ástæða til að minnast fórnarlamba sprengjunnar í Hiroshima og Nagasaki 6. og 9. ágúst og snúa huga okkar og hjarta til þeirra sem þar þjáðust. Við erum þakklát fyrir framtak opinberra aðila og almennra borgara sem hafa látið sitt af mörkum til að velja lífið. Aldrei aftur Hiroshima. Aldrei aftur Nagasaki.

Ísland úr Efta – kjörin burt!

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur



Ögmundur Jónasson alþingismaður skrifaði grein í Morgunblaðið síðastliðinn föstudag. Hún heitir „Virkið í norðri“ eftir frægu riti Gunnars M. Magnúss um hernám Íslands. ESB er samkvæmt þessari grein útþenslusinnað heimsveldi sem hyggst leggja undir sig Ísland. Ögmundur talar um að „herskáir Evrópusinnar líti hýru auga til Festung Island“ og þarf ekki að hafa mörg orð um hugrenningatengslin sem slíkri orðanotkun er ætlað að vekja – eins og orðinu „lífsrými“ sem skýtur líka upp kollinum.

Ögmundur varar við gýljögum: „... ekki mun standa á styrkveitingum – svona rétt á meðan verið er að tala okkur til. Hið sama gæti hent okkur og indíána Norður-Ameríku. Þeir töpuðu landinu en sátu uppi með glerperlur og eldvatn.“

Undir lok greinarinnar talar alþingismaðurinn um að við eigum að standa upprétt en ekki að vera „auðtrúa lítilmagni“; og svo fáum við hinn óhjákvæmilegu varíant við frasann um barðan þræl og feitan þjón: „Þegar knékrjúpanni maður rís á fætur, hættir hann að vera lítill.“

Hernumdar þjóðir

Danir, Frakkar, Austurríkismenn, Maltverjar, Ítalir, Búlgarir, Finnar, Englendingar, Írar, Belgar, Kýpverjar, Tékkar, Eistar, Þjóðverjar, Grikkir, Ungverjar, Lúxemborgarar, Spánverjar, Svíar ... þetta eru hernumdar þjóðir. Þetta eru auðtrúa lítilmagnar.

Hitt er athyglisvert að þessi sjálfskipaði vinstri maður skuli aldrei minnst á lífskjör almennings í umræðu um Evrópumál, nema með varnaðarorðum um glerperlur og eldvatn.

magnar. Þetta eru knékrjúpanni menn.

Danir kunna að virðast lígeglad með sitt smörrebröð og et þar bajere, en það er bara plat því þetta er buguð þjóð undir járnhæl Evrópusambandsins. Frakkar kunna að virðast montnir með allt sitt savoir-faire og haute couture og sil-vous-plait – en Ögmundur veit betur: þetta eru knékrjúpanni menn. Írarnir geta svo sem gaulað endalaust þessa sjálfstæðissöngva sína en í þeirra brjósti á frelsið ekki heima: Feitir þjónar. Og Svíarnir líta kannski út fyrir að vera voða pottþéttir og jättebra en velferðin hjá þeim er bara glerperlur og eldvatn sem þeir hafa fengið: þeir eru nefnilega auðtrúa lítilmagnar.

„Festung Island“ ... „Lífsrými“ ... Orðbragð Ögmundar Jónassonar spilar á sömu kenndir og merkið sem ég sá á heimasíðu skoðanasystkina hans í sam-

tökum sem kalla sig „Rauðan vettvang“: þar er búið að taka burt stjórnurnar úr merki ESB og setja hakakrossa í staðinn.

Ætli sé ekki leitun að þjóð sem hefur sýnt Íslendingum jafn mikla skilmálalausa vinsemi og Þjóðverjar. Dylgjur af þessu tagi frá einum helsta áhrifamanni íslenskra stjórn mála eru sérlega óviðkunnanlegar og hreinlega asnalegar.

Eia eldvatn! Eia glerperlur!

Ögmundur Jónasson líkir í grein sinni aðildarviðræðum ESB og Íslendinga við það þegar þjóðarmorð var framið á frumbyggjum Norður-Ameríku og þeir gíntir í samningum til að láta land sitt af hendi fyrir glerperlur og eldvatn, eins og hann orðar það.

Í fyrsta lagi gera svona samlíkingar lítið úr hryllilegum atburðum sem við eigum að fjalla um af virðingu fyrir raunverulegum fórnarlömbum raunverulegs hernaðar. Í öðru lagi dregur þetta upp þá mynd af okkar nánustu vina- og samstarfsþjóðum að þær séu óvinir, fari með fláttskap á hendur okkur, ásælist land okkar. Í þriðja lagi hafa Íslendingar verið fullfærir um að svolgra miklu meira eldvatn – í eiginlegri og óeiginlegri merkingu – en þeim er hollt án atbeina annarra þjóða. Og einu glerperlurnar sem sést hafa í viðskiptum íslenskra aðila og Evrópuþjóða er það traust sem sparifjareigendur þessara þjóða sitja uppi með eftir að hafa verið svo „auðtrúa“ að bera traust til þessarar þjóðar: Icesave.

Með tali sínu um „glerperlur og eldvatn“ dregur Ögmundur upp mynd af Íslendingum sem friðsælli náttúruþjóð sem hér búi í harmóníu við náttúruna og sé grandalaus gagnvart gýljögum árársaðilans. Ekki þarf að líta lengi í kringum sig



1119 C549
Cars skólataska
6.900 kr.

N1


1119 C559
Cars taska á hjólum
7.900 kr.



SKÓLAVÖRUR FYRIR ÞAU YNGSTU FÁST Á N1



1119 C455
Winx litir
650 kr.




1119 C555
Cars
A4 mappa
490 kr.

1119 C453
Winx pennaveski með blýöntum yddara ofl.
980 kr.



1119 C554
Cars pennaveski með ritföngum
3.900 kr.



1119 B556
Cars
A4 mappa
620 kr.

1119 C404
Cars pennaveski með blýöntum yddara ofl.
980 kr.



1119 B861
East High veski
870 kr.



1119 B850
Hannah Montana taska.
1.290 kr.

1119 C551
Cars pennaveski
920 kr.



SENDIÐ OKKUR LÍNU

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni liðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísí eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

WWW.N1.IS / SÍMI 440 1000
Skólavörurnar fást í verslunum og á þjónustustöðvum N1.

Meira í leiðinni

Tvenns konar fjölbreytni

Menntamál

Guðmundur J. Guðmundsson
framhaldsskólakennari



Hinn 30. júlí sl. ritar Súsanna Margrét Gestsdóttir grein í Fréttablaðið þar sem hún ræðir þá gagnrýni sem fram hefur komið á nýjar innritunarreglur í framhaldsskólana. Kjarninn í máli hennar virðist mér vera sá að nýju reglurnar tryggja að í hverjum skóla verði nemendur með sem fjölbreytilegastan bakgrunn og mikilvægt sé að ýta undir slíka fjölbreytni, þannig sé hægt að vinna gegn fordómum og auka hæfni fólks til að vinna saman í fjölmenningsarsamfélagi. Hún nefnir sérstaklega nemendur með annað móðurmál en íslensku og telur það mikilvægt uppeldisatriði að aðrir nemendur starfi við hliðina á þeim sem tala íslensku með erlendum hreim.

Hér er sithvað sem orkar tvímælis. Fyrir það fyrsta er mér til efs að þetta sé skilvirk aðferð til að vinna gegn fordómum og fá fólk af ólíkum uppruna til að vinna saman. Markviss fræðsla og áróður virðist í fljótu bragði mun líklegri til árangurs. Í öðru lagi verður ekki betur séð en hugmyndafræði sú sem nýju reglurnar byggja á leiði til einsleitni framhaldsskólanna og vinni því gegn tilgangi framhaldsskólalaganna. Til að allir skólarnir geti tekið á móti svipuðum nemendahópum þurfa þeir að hafa sambærilega uppbyggingu svo sem almenna braut sem tekur við nemendum með skerta námsgetu og námsbraut sem tekur við nemendum af erlendum uppruna. Einnig hlýtur að vera gert ráð fyrir að þeim nemendum sem hyggja á langskólanám sé sinnt með viðunandi hætti og jafnframt bjóði allir skólarnir upp á styttri starfstengdar námsbrautir fyrir þá sem slíkt nám hentar. Þá hlýtur einnig að vera gert ráð

fyrir að boðið sé upp á listnám í öllum framhaldsskólunum sem og iðnmenntun.

Nú er rétt að rifja upp það sem lá til grundvallar þeim innritunarreglum sem kastað var fyrir borð á síðasta ári. Markmið þeirra var að nemendur gætu farið í þann skóla sem félli best að þörfum þeirra og jafnframt ættu skólarnir að skapa sér sérstöðu, sérhæfa námsframboð sitt með einhverjum hætti. Með þessu móti ættu sem flestir nemendur kost á námi við sitt hæfi og á sínu áhugasviði. Gott dæmi um slíka sérstöðu er Borgarholtsskóli en þar starfar námsbraut sem sérhæfir sig í bílgreinum. Með gömlu innritunarreglum hefði nemandi úr Kópavogi með áhuga á bílum getað sótt um skólavist í Borgarholtsskóla og stundað þar það nám sem hann hafði áhuga á. Nemendi úr Grafarvogi sem hefði hug á að fara í langskólanám að loknu stúdentspróf en teldi sér hæfa betur bekkjarkerfi en áfangakerfi gæti valið einhvern af bóknámsskólunum sem býður upp á bekkjarkerfi. Nú er hins vegar undir hælinn lagt hvort hægt sé að koma til móts við þessa nemendur. Gömlu innritunarreglurnar buðu því upp á fjölbreytni í framhaldsskólunum sem verður úr sögunni ef svo heldur fram sem horfir.

Nú er það svo að ef skólar sérhæfa sig þá er óhjákvæmilegt að í þá safnist nemendur með lík áhugamál. Þannig er næsta víst að í Borgarholtsskóla sé að finna óvenjuhátt hlutfall nemenda með bíladellu. Í Fjölbreyttaskólunum í Ármúla er rekinn sérstakur Heilbrigðisskóli. Þangað sækja væntanlega þeir sem hafa hug á að mennta sig til starfa innan heilbrigðisgeirans. Jafnframt er líklegt að í þá skóla sem sérhæfa sig í að undirbúa unglinga undir langskólanám sækji þeir sem hafa slíkt nám í huga. Þetta virðist Margrét telja að viðhaldi eða jafnvel ýti undir fordóma. Undirrituðum er fyrirmunað að sjá rökin fyrir því. Væri hægt að fá nánari skýringar?

Dylgjað um hið óséða

Evrópumál

Ögmundur Jónsson
alþingismaður



Nokkuð óvenjuleg grein birtist í Fréttablaðinu sl. laugardag. Hún er eftir varaþingmann Samfylkingarinnar, Önnu Margrét Guðjónsdóttur, og fjallar um skrif mín í Morgunblaðinu sem ekki eru skýrð en harðlega fordæmd, sagt er að þau séu ekki málefnaleg og „kalli því ekki á málefnaleg viðbrögð“. Skrif mín lýsi „undarlegum“ viðhorfum og veki „ónotatilfinningu“ sem hafi „trúlega verið markmiðið“. Anna Margrét er sjálfri sér samkvæm um að bregðast ekki við málefnalega og skilur hún lesendur, sem ekki þekkja skrif mín, eftir í lausu lofti en með þá tilfinningu að ég hafi sagt eitthvað sem ekki megji segja.

Ég ætla í fullri högværð að leyfa mér að halda því fram að skrif mín hafi verið málefnaleg og leyfi ég mér að óska eftir viðbrögðum á slíkum notum.

Málavextir eru í grófum dráttum þessir: Síðastliðinn fimmtudag birtist eftir mig grein í Morgunblaðinu þar sem ég fjallaði um Ísland og Evrópusambandið. Lagði ég út af grein eftir Herman Van Rompuy, forseta framkvæmdastjórnar ESB, sem birst hafði í sama blaði. Þótti mér grein forsetans endurspegla framtíðarsýn sem minnti óþægilega á stórveldisóra nýlendutímans þegar Evrópuríki ráku harðsvíraða eiginhagsmunastefnu gagnvart öðrum heimshlutum, brutu heilar heimsálfur undir sig um leið og þeir dásömuðu eigið ágæti. Þessi saga er nú ekki alveg líðin tíð eins og ég kem að síðar.

Áhrif í húfi

Van Rompuy dró í grein sinni upp mynd af stórveldi með hálfan milljarð íbúa „sem deildu fortíð og framtíð“ á svæði sem spannaði „frá Finnlandi til Portúgala og Írlandi til Rúmeníu“. Í greininni var höfðað til sérstöðu Evrópumanna vegna velsældar þeirra. „Leyfið mér að minna ykkur á hvað við erum að verja. Evrópubúar njóta forréttinda í heiminum. Við erum mesta viðskiptaveldi heims. Þetta er árangur, sem vert er að vera stoltur af. Hann sýnir einstaka getu okkar til að þróast og tryggja um leið arfleifið okkar. Við höfum enn getuna til þess. Í breytilegum heimi eru hins vegar önnur svæði tilbúin til að gera betur en við efna-hagslega. Störf okkar og áhrif eru í húfi.“ Hér er talað skýrt og tæpitungulaust. Það gerði ég líka í minni grein og sagði m.a. að menn gætu haft „hvaða skoðun sem þeir vilja á Evrópusambandinu og hvort við eigum heima þar innandyrna eða utan. En ég frábið hins vegar framvegis að við sem leyfum okkur að vísa til sameiginlegra hagsmuna Íslendinga þegar auðlindir og nýting þeirra er annars vegar eða veltum því fyrir okkur hvaða fyrirkomulag sé líklegast til að tryggja bein lýðræðisleg áhrif þjóðarinnar, séum sökuð um að vera haldin einhverri annarlegri rembu á sama tíma og svona boðskapur

er básúnaður. Kannski það fari að renna upp fyrir einhverjum að raunveruleg ástæða er til að íhuga í alvöru hvernig við best verjum auðlindir okkar og lýðræðið gegn ásælni miðstýrðra stórveldahagsmuna! Einhvers staðar sást í blaði nýlega að ráðamenn væru vongóðir um að verja mætti auðlindir Íslands í samningum við ESB. En hvers vegna skyldum við yfirleitt vilja fórna auðlindum okkar og forræði yfir samfélagi okkar ef ávinningur er enginn sýnilegur annar en að fá að vera þátttakandi í nýju stórríki? Gamalkunnugt ráð, vel þekkt úr nýlendusögunni, er að draga upp mynd af glæstu stórveldi þar sem „við sem erum saman“ stöndum keik gegn „öllum hinum“. Þetta er að mínu mati röng uppsetning. Spyrja þarf hvort sé vænlegra fyrir okkur – sem erum þrjú hundruð þúsund talsins – að taka þátt í alþjóðasamstarfi sem neytdur á evrópskum stórmarkaði með takmörkuð lýðræðisleg áhrif, eða efla okkur sem fullvalda ríki sem á í samskiptum við önnur ríki með beinni aðkomu að samningum um öll okkar mikilvæg-

ég varaði við því að Íslendingar létu gleppast af fjárveitingum sem þegar hafa verið boðaðar til að liðka fyrir í „aðlögunarferlinu“ sem nú á sér stað, áður en ákvörðun er tekin um aðild, nokkuð sem ég hef gagnrýnt og varað við áður, meðal annars á síðum þessa blaðs.

Sagan kennir að frá örófi alda hafa staðið átök um auðlindir heimsins og er augljóst dæmi um slíkt ekki fjær okkur í tímanum en Íraksstríðið sem snýst um eignarhald og ráðstöfun á hinu svarta gulli Austurlanda, olíunni. Í þeim átökum komu við sögu á tíunda áratugnum og uppúr aldamótum, olíuhagsmunir, bandarískir, breskir, kínverskir, franskir, japanskir og rússneskir. Allir áttu það sammerkt að vilja láta hið pólitíska vald rýma til fyrir hagsmunum sínum sem síðan var gert með innrás í þágu bandarískra og breskra olíuhagsmuna. Þetta er veruleiki sem ég hef varið starfsævi minni í að grandskoða, sem sagnfræðingur, fréttamaður og stjórnmálamaður og er tilbúinn að ræða hvar og hvenær sem er á málefnalegum forsendum.



Sagan kennir að frá örófi alda hafa staðið átök um auðlindir heimsins og er augljóst dæmi um slíkt ekki fjær okkur í tímanum en Íraksstríðið sem snýst um eignarhald og ráðstöfun á hinu svarta gulli Austurlanda, olíunni.

ustu mál – þar á meðal ráðstöfun sjávarauðlindarinnar, okkar dýrmætasta fjársjóðs? Hvers vegna ættum við að fórna þessari úrvalsstöðu? Ég hef skilning á því sjónarmiði að ósanngjarnt sé að eins lítið samfélag og okkar skuli njóta þeirra forréttinda sem við gerum. En mér er það hins vegar fullkomlega óskiljanlegt að það skulum vera við sjálf sem bjóðumst til að láta réttindin af hendi – ekki í anda réttlætis eða jafnaðarmennsku, heldur bara til að fá að vera með!

Hverju barni er það nú augljóst að Evrópusambandið sækir það fast að fá okkur inn enda augljósir hagsmunir í breyttri heimsmýnd. Þá breyttu heimsmýnd sjá Kínverjar líka greinilega fyrir sér og er það engin tilviljun hve fyrirferðarmiklir þeir eru að verða hér á landi. Það sem við þurfum á að halda er að horfa ískalt á það hvernig hagsmunum okkar verður best borgið í gerbreyttum heimi. Ég er þeirrar skoðunar að það gerum við best með því að halda þétt utan um auðlindirnar og hafa síðan heiminn allan undir sem markað og samstarfsvettvangi í stað þess að múra okkur inni í enn einum evrópskum stórveldisdraumnum.“

Það sem fór fyrir brjóstið

Það sem fór mest fyrir brjóstið á þeim sem gagnrýnt hafa grein mína, því Anna Margrét Guðjónsdóttir er ekki ein á báti, er einkum tvennt. Í fyrsta lagi að ég notaði hugtakið lífsrými, í því samhengi að Evrópusambandið sæktist eftir því að stækka áhrifasvæði sitt og síðan hitt að

Egill Helgason, fjölmiðlamaður, skrifar pistil á Eyjuna sem hann nefnir Reductio ad Hitlerum en þar sakar hann mig um að reyna að beina umræðunni inn í þann farveg að Evrópusambandið sé eins konar framhandleggur á nasismanum þar sem ég hafi notað hugtakið lífsrými sem nasistum hafi verið tamt að gera! Þetta er úti hött en Agli vil ég óska til hamingju með að ná nokkrum árangri við að gera einmitt það sem hann ranglega sakar mig um: Að beina umræðunni að Adólf Hitler og nasima. Umræðu um hagsmunayfirgang stórvelda og auðvalds er drepið á dreif en við látnir hanga í einni spyrðu, Adólf og undirritaður.

Annars er það mín tilfinning að mest hafi farið fyrir brjóstið á ákófum fylgjendum ESB-aðildar að ég skuli í skrifum mínum hafa minnt á hlutskipti indíána Norður-Ameríku sem létu sumir hverjir gleppast af „góðum gjöfum“ sem þegar upp var staðið reyndust gagnslausar eftir að þeir höfðu glatað forræði yfir samfélagi sínu og auðlindum.

Að lokum þetta: Ræðum ESB-aðild, sem annað, tæpitungulaust en málefnalega. Þá verður líka að virða þá lágmarkskröfu að þegar fjallað er um þriðja aðila gengur ekki að lesandinn fái ekkert að vita um málsrök hans, aðeins sagt að þau hafi valdið „ónotatilfinningu“! Þetta gerði Anna Margrét Guðjónsdóttir hér í blaðinu sem fyrr segir. Hún dylgjaði um skrif sem margir lesendur Fréttablaðsins þekktu ekki af öðru en ein-kunnagjöf hennar. Svoltið ónota-legt.

AF NETINU

Útungunarvélur kapitalista enn við lýði?

Ég nam viðskiptafræði þegar útrásin var í upptakti og bankastjórar voru fengnir til að halda fyrirlestra um að ekkert væri mikilvægara en að hámarka hagnað – þetta var sagt yfir fullum sal nemenda sem voru að bugast undan vaxtabyrðum yfirdráttarlána. Við lærðum að allt hefur verðmat, meira að segja mannslíf og við lærðum aðeins um hið kapitalíska hagkerfi. Þrátt fyrir það kennir sagan okkur að við munum sennilega vinna innan annarra hagkerfa og hugmyndafræði einhvern tímann á ferlinum. Í þjóðhagfræði lærðum við ekkert um áætl-anabúskap þó að hann hafi verið stundaður í mörgum löndum og meira að segja að hluta til hér á landi undir

hægristjórninni – eða hvað á að kalla álversæðið sem hagkerfið byggði á akkurat á þessum tíma. Í viðskiptum á vinnumarkaði lærðum við nánast aðeins um hvernig megi fá sem allra mest út úr starfsfólki án þess að greiða þeim meira en nauðsynlegt er. Aldrei var talað um greiðslugetu heldur aðeins um greiðsluvilja neytenda. Siðfræði, saga eða kynjafræði var víðs fjarri allri kennslunni og þurftu nemendur að leita slíkra dekurfaga út fyrir skyldunámið og jafnvel í aðrar deildir innan háskólans.

kaninka.net/drifa
Drifa Snædal

Iðnaðarhurðir á sérstöku tilboði

TILBOÐ

á aðeins

250.000 kr. stk.



Af sérstökum ástæðum getum við boðið 9 einangraðar iðnaðarhurðir frá Loading Systems.

Stærð: 3600 x 3600mm BxH
Litur á panel: Ral 9002

Þær uppfylla hinn nýja og stranga EU-framleiðslustaðal EN 13241-1.

www.sindri.is / sími 575 0000

SINDRI

Víðarhöfða 6 - Reykjavík



UPPSKRIFTIR úr tímaritum og dagblöðum geta verið hið fínasta veggskraut. Matarmyndir eru jú ljúffengar á að líta og óparfi að geyma þær ofan í skúffu þar sem enginn sér.

ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar **Henny Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447



friendtex

☺ **ÚTSALA** ☺

Pú kaupir 2 flíkur og færð þriðju flíkina FRÍTT með

Sú ódýrasta fylgir frítt með

Viljum bæta við duglegum og glaðlegum sölufulltrúum fyrir næsta sölutímabil. Hafið samband fyrir 25. ágúst í síma 568 2870 milli kl 11.00 og 17:00 eða sendið til okkar línu á sala@friendtex.is

Opíð mánud. – föstud. frá kl 11 – 18 **50%** **40%** Lokað á laugardögum

Bonito ehf. Friendtex, Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 - www.friendtex.is



Björn notar flygillinn sér og öðrum til ánægju og sonurinn Starkaður fær greinilega tónlistarlegt uppeldi.

MYND/HEIDALIS

Gefur heimilinu hjarta

Björn Þorláksson, rithöfundur og bæjarlistamaður Akureyrar 2010, varð frægur sem heimavinnandi húsaðir með bók sinni Heimkoman. Hann var beðinn að nefna einn hlut á heimilinu öðrum mikilvægari.

„Drátt fyrir að hafa tekið gríðarlegum framförum í húsverkum, heimilishaldi og kunnáttu á heimilistæki þá er nú í raun bara um einn húsmun að ræða sem mér þykir vænt um og það er flygillinn minn,“ segir Björn. Hann neitar því þó ekki að upphvottavélin hafi komið upp í hugann enda sjái hann varla fyrir sér líf án hennar. Flygillinn hefur þó greinilega vinninginn enda mun menningarlegra fyrirbæri

„Þetta hljóðfæri gefur heimilinu það hjarta sem nauðsynlegt er að hafa,“ segir hann og gefur dæmi um hvernig það er notað. „Við konan mín höfum í sumar verið í því sem kallast „home hosting“

á ensku og boðið hingað heim Ameríkönunum í mat. Ég hef endað þessar gestamóttökur með því að sýna Könunum muninn á Íslandi að sumri og vetri í tónlistinni og í þakkarbréfum sem við höfum fengið frá þeim hafa þeir oftast en ekki sagt að hljóðmyndin sem skapast í stofunni eigi sinn þátt í að gera heimsóknirnar hingað jafn eftirminnilegar og þær hafi orðið. Þetta er bara eitt dæmi um hvað flygillinn er mikilvægur hér á heimilinu.“

Með hvaða lögum skyldi Björn svo túlka íslensku árstíðirnar? „Sumarlögin hef ég í dúr. Þú er yndið mitt yngsta og besta hentar vel sól og blíðu, en ég held mig

við moll þegar kemur að vetrinum. Þá spila ég angurvær lög eins og Sofðu unga ástin mín og segi gestum harmsöguna bak við það – þegar útilegukonan Halla varpar drengnum sínum í fossinn. Það fer náttúrulega ekki þurr hvarmur héðan út úr stofunni.“

Ekki munu annir húsföðurinn Björns minnka á næstunni því lítil stúlka er væntanleg í heiminn innan tveggja vikna. „Það er dálítið skemmtilegt af því að drengurinn okkar hjóna er glasabarn og Heimkoman fjallaði öðrum þræði um það kraftaverk að hann skyldi verða til,“ segir Björn. „Svo kemur þetta barn bara óvænt, óboðið og frítt.“

gun@frettabladid.is



weber

Tilboð á Weber Summit S650

Takmarkað magn

30% afsláttur

Söluáðilar: Járn og gler hf - Garðheimar - Húsasmiðjan

www.weber.is

Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki

SUMAR ÚTSALA

Gerð gæða- og verðsamanburð

Svefn & heilsa ★★★★★

www.svefn.is

6 mánaða vaxtalausar greiðslur

20-50% AFSLÁTTUR

Lök, hlífðardýnur, sængurverasett, heilsukoddar, viðhaldskoddar, íslenskir PU leðurgafnar, náttborð, útlitsgallaðar dýnur og fleira.

Ný sending **SAGA OG ÞÓR**
Hágæða heilsudýnur



SAGA Queen rúm, nú aðeins **129.900**
ÞÓR Queen rúm, nú aðeins **149.900**

IQ-CARE
Ein besta heilsudýna í heimi



Queen rúm nú aðeins **kr. 179.900**

VALHÖLL/FREYJA Ný sending
Góð rúm á frábæru verði



Queen rúm, nú aðeins **kr. 99.900**



HITA KÚTAR
Amerísk gæða framleiðsla

30-450 lítrar

Umboðsmenn um land allt

RAFVÖRUR

DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS



Kojan fellur vel að umhverfinu.

Vel nýtt skot

Með sérsníðuðum kojum er hægt að ná fram hámarksnýtingu á áður ónýttum stöðum.

Skot og lítil rými má nýta á ýmsan veg og hér má sjá það gert með vel útfærðum hætti. Kojan er smíðuð inn í skotið sem veitir hámarks not fyrir annars ónýtt rými. Með því að sérsníða inn í svona skot er líka hægt að sjá til þess að hlutirnir falli vel að umhverfinu.

Vissara er að fá laghentan smíð til verksins enda þarf efri kojann að vera tryggilega fest við vegginn. Vitanlega þarf svo stiga til að þróa upp og ekki er verra að setja upp handrið til að sporna við því að einhver húrri niður.



Færanlegur matjurtagarður sem Fréttablaðsblaðberi hefur verið notaður í.



Afdrep fyrir barnabörnin.



Lisa kann hvergi betur við sig en í Miðdal enda hefur hún verið þar frá því hún man eftir sér.

ALLT Á FERÐINI
Miðvikudaga

Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh0386.is - sími 512 5473

Henny Árnadóttir
henny0386.is - sími 512 5427

Þóris Hermannsdóttir
thorish0386.is - sími 512 5447



Dagskrá vikunnar

Vikan 9. - 13. ágúst

Mánudagur 9. ágúst

► Lokað!

Gönguhópurinn Njótandi og Þjótandi - Gengið um höfuðborgarsvæðið tvisvar í viku (mán. kl. 13 og mið. kl.10) og margvíslegir staðir skoðaðir. Upplýsingar um upphafsstaði hverju sinni á raudakrosshusid@gmail.com.

Þriðjudagur 10. ágúst

- **Taktur** - Fyrir 16-25 ára. Atvinnuleitin, listahópar og margt fleira. Kl. 9 - 12
- **Prjónahópur** - Prjónahópurinn er alla jafna á mánudögum. Kl. 13 - 15
- **Bowen tækni** - Kynntu þér tækni sem getur lagað kvilla og bætt líðan. 20 mín. prufutímar fyrir einstaklinga. Skráning nauðsynleg. Kl.13.30-15.30
- **Skip án skipstjóra** - Einstaklingur án markmiða er eins og skip án skipstjóra. Settu þér markmið og fylgdu þeim eftir. Kl.14.30-15.30

► Gönguhópur kl. 13 - 14 ► Vinnum saman (Byflugurnar) kl. 14 - 16

Miðvikudagur 11. ágúst

Miðvikudagar eru dagar unga fólksins í Rauðakrosshúsinu

- **Taktur** - Fyrir 16-25 ára. Atvinnuleitin, listahópar og margt fleira. Kl. 9 - 16
- **Briddisklúbbur** kl. 14 - 16

Fimmtudagur 12. ágúst

- **Taktur** - Fyrir 16-25 ára. Atvinnuleitin, listahópar og margt fleira. Kl. 9 - 12
- **Saumasmíðjan** - Breyttu, bættu eða búðu til. Komdu með saumavél ef þú getur. Kl. 13-15
- **Heilsuhópur** - Umræður um betri líðan. Hvað hefur þú til málanna að leggja? Viltu fá hvatningu til að hreyfa þig meira? Kl. 14-15
- **Jóga** - Léttar æfingar og teygjur. Komdu og prófaðu. Kl. 15 - 16

► Tölvuaðstoð kl. 13:30-15:30 ► Jóga kl. 15 - 16

Föstudagur 13. ágúst

- **Útileikfimi í Nauthólsvík** - Fyrir alla sem vilja. Útileikfimi og sjósund. Mæting í Nauthólsvík. Umsjón: Heilsuhópur Takts og Gönguhópurinn Njótandi og Þjótandi. Kl. 10
- **Flugdrekagerð og pulsupartý** - Fyrir alla fjölskylduna. Við búum til flugdreka, látum þá svifa yfir Höfðatúni og fáum okkur pylsu á teini. Kl.13-15
- **Hláturjógamynd** - Við horfum á myndband með meistaranum og gerum nokkrar góðar æfingar. Kl.15-16



Borgartúni 25 | Reykjavík | Sími 570 4000 | raudakrosshusid@redcross.is
www.raudakrosshusid.is | Opíð mánudaga til föstudaga kl. 13-16

Fiskarnir úr Skillandsá

Í landi Miðdals í Árnessýslu á listakonan Lísu K. Guðjónsdóttir sitt eigið ríki og undraland. Þar fæst hún meðal annars við að forma fiska úr grjóti og rækta grænmeti í færanlegum matjurtagörðum.

„Þetta eru bara fiskarnir hér úr ánni hjá mér. Þar er allt mögulegt sem glottir á mann,“ segir Lísu Guðjónsdóttir þegar forvitnast er um steinlistaverkin hennar og upplýsir að mest af grjótinu sé úr Skillandsá, í nágrenni Miðdals. En hvernig fer hún að því að móta það eins og fiska? „Ég nota slípirok en verkið kostar þolinmæði og svo böggar maður nágrennana því það fylgir þessu leiðindahávaði og ryk. Það er skást að gera þetta í roki og rigningu því þá eru fáir úti og rykið sest líka um leið.“

Lísu starfar sem þjónustufulltrúi í myndlistardeild Listaháskólans en er grafíklistakona í grunninn. Hún kveðst hafa byrjað á steinskúlptúrunum árið 1999. „Ég bý til einn til tvo fiska á ári. Það er nú ekki meira. Þessi stóri hér á stéttinni er búinn að vera í fæðingu í eitt og hálf ár,“ útskýrir hún.

Í fyrravetur sýndi Lísu fiska sína hjá Handverki og hönnun og í framhaldinu



Hann er hugsandi þessi.

í Náttúrufræðistofu Kópavogs. Þeir hafa farið vítt og breitt um heiminn og einn þeirra fékk forsetaembættið til að veita sem


útflutningsverðlaun. Hún segir þó erfitt að sjá á bak þeim enda mikið fyrir þeim haft. „Þetta er eins og með börnin. Maður tímir varla að senda þau frá sér,“ segir hún.

Margt forvitnilegt er í kring um Lísu og listaeðli hennar birtist í fleiru en fiskunum. Til dæmis trékláfum sem Fréttablaðsblaðberinn hefur verið smíðuður inn í. „Þetta eru færanlegir matjurtagarðar,“ útskýrir húsfreyjan. „Ég fæ ekki Fréttablaðið hér í dreifbýlinu svo ég ákvað að nota pokana í annað. Rækta steinselju og fleiri kryddjurtir í þeim og stilli þeim upp eftir veðri og vindum. Það getur verið gott að geta dregið matjurtagarðinn sem næst eldhúsinu.“

gun@frettabladid.is



Þennan stórfiska hefur Lísu verið að móta í eitt og hálf ár. Kallar hann vogmey en kveðst vita að hann sé ekkert líkur þeim fiski í raunveruleikanum.



Könglar í kórfa bera vitni um grósku skógarins.

GRÍPTU TÆKIFÆRIÐ



NÚ ER HÆGT AÐ FÁ **100%**
ENDURGREIÐSLU Á VIRÐISAUKASKATTI
AF KEYPTRI VINNU!



Húsið er innarlega á lóðinni.

MYND/ÚR EINKASAFNI

Björt og vel skipulögð sérhæð í Holtunum

Fasteignasalan Miklaborg er með á skrá sérhæð í tvíbýli við Hjalms Holt 5 í Reykjavík.

Miklaborg er með til sölu sérhæð í tvíbýli við ofanvert Hjalms Holtið, sem samanstendur af tveimur stofum, sex til sjö svefnherbergjum, tveimur baðherbergjum og einni snyrtingu. Samkvæmt skráningu hjá fasteignaskrá er stærð íbúðarinnar á fyrstu hæð 144 fermetrar, hluti á jarðhæð/kjallara er 28,6 fermetrar og bílskúrinn er skráður 29,8 fermetrar, samtals er birt stærð eignar 202 fermetrar.

Húsið stendur innarlega á lóðinni. Íbúðin er með sérinngangi og er gengið inn í flísalagða forstofu með fatahengi. Þar inn af er flísalögð gestasnyrting og

forstofuherbergi, þaðan sem innangengt er í þvottahús með glugga og tengi fyrir þvottavél og þurrkara. Hol, stofa og borðstofa eru teppalögð. Inngangur er í eldhúsi bæði frá holi og úr borðstofu. Það hefur verið gert upp, er með viðarinnréttingu og borðkrók, auk þess sem korkur er á gólfi. Af gangi er gengið út á flísalagðar suðursvalir. Innaf ganginum er sjónvarpsrými, sem var tvö herbergi á teikningu. Barnaherbergi er teppalagt, hjónaherbergi parketlagt og inn af því er fataherbergi. Baðherbergi er flísalagt og búið sturtutækjum, innréttingu og glugga. Í kjallara fylgir þessari íbúð 28 fermetra rými sem skiptist í tvö herbergi og baðherbergi með sturtuklefa og glugga. Bílskúrinn er innbyggður í húsið, flísalagður og með heitu og köldu vatni. Lóðin er að sjá í ágætu standi.

Það eina sem þarf er leitarorð.
Vísir er með það.



heimili

FASTEIGNASALA



Bogi Pétursson
lögg. fasteignasali



Finnboði Hilmarsson
lögg. fasteignasali

Sími
530 6500

Opíð mán.-fös. frá kl. 9-17
Finnboði Hilmarsson og
Bogi Pétursson
löggiltir fasteignasalar



Gamli vesturbærinn - 2ja herb
Fallett mikið endurnýjað parhús. Góð hönnun, fallegar innréttingar og gólfefni ásamt lýsingu. Seljendur leita að ódýrari eign. **Nánari upplýsingar á skrifstofu.**



Óskum eftir fleiri eignum á söluskrá!
Erum allir mættir ferskir eftir sumarfrí og klárir í slaginn. Bjóðum góða þjónustu og sanngjörn kjör hvort sem er aðstoð við kaup, vinna við sölu fasteigna eða verðmöt



Suðurrhólar - 4ra herb.
Góð mikið uppgerð 105 fm íbúð Nýjar innréttingar og gólfefni, björt stofa með útgengt á suður svalir og gott útsýni.



Þórðarsveigur. - 4ra herb & stæði í bílskýli.
Góð endaíbúð á efstu hæð í lyftuhúsi. Mikið og fallget útsýni yfir holtið í allar áttir. **V. 25,9 m. Áhv 18,5 m.**



Hólmvað 2-4.
Ný fullbúin 160 fm sérhæð með bílskúr. Þrjú svefnherbergi, sérgarður, verönd og svalir til suðvestur **Áhv. 25 m frá íls. Möguleiki á 100% fjármögnun.**



Hamravík - einbýli.
Fallett og vandað 240 fm hús með innbyggðum bílskúr. Frábær bakgarður, sólpallar, heitur pottur, einstök staðsetning og frábært útsýni og gönguleiðir. **Tilboð**



Flúðasel
Skemmtilega hönnuð og mikið endurbætt 91 fm útsýnisíbúð. Mikil lofthæð innan íbúðar, fallegar innréttingar og yfirbyggðar svalir. **Áhv 19,5 m.**



Þórðarsveigur.
Mjög vel skipulögð og fallleg 3ja herbergja íbúð með sérinngangi í lyftuhúsi með stæði í bílskýli. **V. 23,1 m.**



Digranesvegur - Sérhæð.
Vel skipulögð 155 fm sérhæð íbúð á jarðhæð með bakgarði. Tveimur svefnherbergjum, suðursvalir og útsýni. **V. 34,9 m.**



Hulduland - 2ja herb
Góð mikið endurbætt 50 fm íbúð á jarðhæð með bakgarði. Nýlegar innréttingar. **V. 12,9 m.**



Klapparhlíð - 4ra & bílskúr
Vönduð 100 fm endaíbúð á efstu hæð með miklu útsýni og sérstandandi 27 fm bílskúrs. Getur selst með eða án bílskúrsins. **V. 25,7 m.**



Bólstaðarhlíð - Sérhæð.
Góð 115 fm efri sérhæð í fjórþýlishúsi. Þrjú svefnherbergi og tvær samliggjandi stofur. Seljandi leitar að sérþýli. **v. 30,0 m.**



Bugðulækur - sérhæð.
Góð mikið endurnýjuð 115 fm sérhæð með þremur svefnherbergjum og tvöfaldrí stofu. Nýlegt eldhús og baðherbergi. **V. 27,9 m.**



Hraunbær.
Vel skipulögð 112 fm 4ra herbergja íbúð með sérinngangi í lyftuhúsi. Eigninni fylgir aukaherbergi í kjallara.



Einar Páll Kjærnested
lögg. fasteignasali.
einar@fastmos.is



KJARNNA - ÞVERHOLT 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

Spóahöfði - Raðhús



Í DAG MÁNUDAG FRÁ KL 17 :30 TIL 18:00
Glæsilegt 175,1 m² raðhús með bílskúr við Spóahöfða 6 í Mosfellsbæ. Í húsinu eru þrjú svefnherbergi. Þetta er falleg eign í góðu hverfi á vinsælum stað í Mosfellsbæ. **Áhvilandi eru ca. 34 milljónir frá Arion banka sem mögulegt er að yfirtaka. Lækkað verð 39,9 m. 4700**

Litlikríki - Einbýlishús



Fallegt 219 fm einbýlishús á einni hæð, þar af 42 fm bílskúr við Litlakrika 28 í Mosfellsbæ. 4 rúmgóð svefnh, baðherbergi, gestasalerni. Fallegar innréttingar og vönduð eldhústæki. Hér er fullbúið einbýlishús á mjög góðu verði. Skipti á minni eign skoðuð! **Áhvilandi er ca. 43,8 milljónir frá Arion banka sem mögulegt er að fá að yfirtaka. V. 49,9 m. 4351**

Naustabryggja - 110 Reykjavík



Falleg 65,3 m², 2ja herbergja íbúð með sér inngangi á jarðhæð við Naustabryggju 40 í Reykjavík. Íbúðin skiptist í forstofu, baðherbergi, hjónaherbergi, vinnuherbergi (gluggalaust), þvottahús og opið rými sem skiptist í stofu og eldhús. Fallegar innréttingar og gólfefni. **Eignin er laus til afhendingar strax! Áhvilandi er ca. 14,7 milljónir frá Íbúðalánasjóð sem mögulegt er að fá að yfirtaka. V. 17,4 m. 4982**



Skólbraut - 270 Mosfellsbær
160,9 m² einbýlishús með bílskúr á fallegum stað við Skólbraut. Frábær staðsetning! Stutt í skóla og alla þjónustu. Stór lóð með timburverönd og fallegu útsýni. **Lækkað verð 36,9 m. 4821**



Laxatunga 122 - 270 Mosfellsbær
Fallegt raðhús á einni hæð. Húsið skiptist samkvæmt teikningu í forstofu, 2 svefnherb., baðherb., eldhús, þvottahús, geymslu, stofu og borðherb. Húsin eru fullbúin að utan, einangruð og tilbúin undir innvegi. Hiti í gólfum. Falleg hús á mjög góðu verði. Áhv. eru ca. 17,8 millj. kr. ÍLS lán. Möguleiki á allt að 90% fjármögnun. **V. 20,6 m. 4696**



Þverholt - 270 Mosfellsbær
Falleg 2ja herbergja íbúð, hæð + ris á efstu hæð í 3. hæða fjölbýlishúsi við Þverholt í miðbæ Mosfellsbæjar. Hagstæð áhvilandi lán frá Landsbanka Íslands að fjárhæð ca. 14,2 milljónir. **V. 14,9 m. 4977**



Laxatunga 63 - Lóð með púða
676 m² einbýlishúsalóð á góðum stað í litlum botnlanga við Laxatungu 63 í Mosfellsbæ. Lóðin er tilbúin til afhendingar og selst með gatnagerðargjöldum og púða. Búíð er að greiða byggingarleyfisgjöld. Samþykktar arkitekta teikningar af 279,5 m² einbýlishúsi liggja fyrir. **V. 12,9 m. 4294**

Laxatunga 94 - 270 Mosfellsbær



Fallegt 182,1 m² raðhús á tveimur hæðum með bílskúr. 3 svefnherbergi, baðherbergi m/kari og sturtu, gestasalerni, stofa, eldhús, sér þvottahús og geymsla. Húsið er afhent fullbúið, án innréttinga, gólfefna og innihurða, en rafmagn er fullfrá-gengið, gólf á forstofu, gestalerni og baðherbergi eru flísalögð og gestasalerni er fullfrá-gengið. Hiti í gólfum. Falleg hús á mjög góðu verði. **Áhv. eru ca. 21,6 millj. kr. ÍLS lán. Möguleiki á allt að 90% fjármögnun V. 29,9 m. 4529**



Háteigsvegur - 105 Reykjavík
Björt og skemmtileg 86,9 m², 3ja herbergja kjallaraíbúð við Háteigsveg í Reykjavík. Eignin skiptist í forstofu, hol, eldhús, geymslu, baðherbergi, svefnherbergi og tvær samliggjandi stofur. **V. 19,6 m. 4980**



Lækjarmelur - 116 Reykjavík
Nokkur ný 125 til 135 m² iðnaðarbil/geymslur með milli lofti við Lækjarmel 8 í Reykjavík. Ca. 100 m² vinnusalur með vélslípuðu gólfi og ca. 30 m² milli lofti með stálstugu og stálhandriði. Bilið er með góðri innkeyrsluhurð, mikil lofthæð og þrjú fasa rafmagn. Snyrtning með salerni og handlaug er í rýminu auk skolvask. **Verð frá 12 til 12,3 m. 4932**

Rúgakur 1 - 210 Garðabær



Rúmgóð og glæsileg 3ja herbergja endalíbúð á 2. hæð með fallegu útsýni í 2ja hæða lyftuhúsi ásamt stæði í bílajakallara við Rúgakur 1 í Garðabæ. Glæsilegar innréttingar og falleg gólfefni. Glæsilegt útsýni! Eignin er laus til afhendingar strax. Áhvilandi er ca. 22,3 m. með 4,9% vöxtum. **V. 38,9 m. 4975**

VALHÖLL
FASTEIGNASALA

Síðumúla 27 - Sími 588 4477 - Fax 588 4479

Ingólfur Gissurarson lögg. fasteignasali

www.Valholl.is

Áratuga reynsla tryggir fagleg vinnubrögð

Sumarhúsasala Valhallar
Mikil sala undanfarið – Framundan mikil eftirspurn
Ágúst og september stórir sölumánuðir
Vantar eignir á söluskrá sem allra fyrst.
Ekkert skoðunargjald
Hafið samband við



Sigþór Bragason
s: 695-5520
Lögg.fast.Sali.



Jón Rafn Valdmarsson
s: 695-5520
Lögg.fast.Sali.



Sumarhús Brekkuskógi
Vel byggður 92 fm bústaður í kjarri vöxnu landi Brekkuskógar. Eignin er á steyptum grunn einangruð og m. hitalögn. Að utan er húsið fullfrá-gengið með liggjandi furupanel og grind fyrir sólpall er klár. Húsið er einangrað að innan og plastað. Heitt og kalt vatn er komið að lóðarmörkum. **V. 12,9 millj. Uppl. Jón Rafn hjá Valhöll S: 695-5520**



Sumarhús Þingvellir
Einstaklega vel byggður og vandaður 65,4 fm bústaður á steyptum grunn á 5000 fm eignarlandi í landi Miðfells Þingvöllum. Eignin er vel einangruð og nýtt sem heilsárhús, einnig er heitur pottur á verönd. Stofa er með fallegri kaminu, vífta í lofti og á gólfum er fallegt og slitsterkt plastparket. Eldhús er með fallegri innréttingu og nægu skáplássí. Tvö svefnherbergi eru í bústaðnum og því til viðbótar hefur verið reist rúmgott gestahús sem stendur sér við bústaðinn sem rúmar vel tvíbreitt rúm. **V. 17,9 millj. Uppl. Jón Rafn hjá Valhöll S: 695-5520**



Sumarhús Kjós
Sumarhús í landi Hjarðarholts vestan Meðalfellsvatns 46 fm að stærð. Góð innrétting í eldhúsi og gaseldavél og ofn, plastparket á gólfi. Frá stofu er útgengt á stóra verönd með skjólgirðingu sem snýr í austur og er með glæsilegu útsýni yfir Meðalfellsvatn. Tvö svefnherbergi eru í bústaðnum, annað með kojum hitt með tvíbreiðu rúmi. Fyrir ofan herbergin er geymsluloft. Bústaðurinn er með eigin vatnsveitu ásamt sjö öðrum húsum á svæðinu. Skemmtileg eign í grendv. í hófuðborgina á friðsælum og rólegum stað. **Uppl. Jón Rafn hjá Valhöll S: 695-5520**



Sumarhús Asparskógur
Stórgæsilegt 86,4 fm heilsárhús á steyptum grunni í Svinadalnum. Stór stofa með plankaparketi á gólfi og fallegum frónskum gluggum á þrjú vegu, gengið er úr stofunni út á verönd. Eldhúsið er við hlíð stofunnar og með vandaða háglans innréttingu ásamt eyju með helluborði. Baðherbergið er með sturtuklefa og innréttingu, þrjú svefnherbergi eru í húsinu. Mjög stór verönd (ca.200fm) er umhverfis húsið og er heitur pottur þar. Hitaveita og kalt vatn ásamt rafmagni. **V. 19,9 millj. Uppl. Jón Rafn hjá Valhöll S: 695-5520**




Sumarhús Húsafell
Glæsilegt 95 fm sumarhús á jaðarlóð í vesturhluta Húsafellsskógar. Anddyri er flísalagt og með fatahengi. Baðherbergi er með sturtuklefa ásamt fallegri innréttingu. Tvö svefnherbergi á jarðhæð. Svefnloft rúmar auðveldlega 3-4 einbreið rúm. Stofa og eldhús á jarðhæð eru í stóru rými en útgengt er á pall frá stofu, fallegt parket á gólfi og halogen lýsing í lofti. Svefnkot er í horni stofu með breiðri dýnu. Pallur er við húsið með heitum potti og góðri aðstöðu fyrir borð og stóla ásamt grillaðstöðu. Heitt vatn er í húsi sem er kynnt með gólfhitakerfi. Hluti innbús fylgir m. í kaupum. **V. 19,9 millj. Uppl. Jón Rafn hjá Valhöll S: 695-5520**



Sumarhús Húsafell
Notalegt 44 fm sumarhús í Húsafellslandi ásamt innbú. Í bústaðnum eru tvö rúmgóð svefnherbergi með amerískum rúmum. Stofa og eldhús í opnu rými, eldhúsinnrétting með helluborði og tveimur litlum isskápum sem fylgja. Baðherbergi er með sturtuklefa með nuddi og gufu, vönduð tæki. Fyrir ofan svefnherbergi er geymsluloft. Allar útihurðir eru nýjar það er að framan og einnig þaðan sem er útgengt frá stofu. Sængur sem fylgja eru einnig nýjar. Heitur pottur er á palli, hann er með sírensni. Góður leigusamningur, hagstæð leiga. **V. 9,9 millj. Uppl. Jón Rafn hjá Valhöll S: 695-5520**



Sumarhús Þingvellir
Sumarhús v. Sandskeið í landi Miðfells. Stofa og eldhús liggja saman í opnu rými, þaðan er útgengt á stóra verönd í suðvestur með útsýni yfir til Þingvallavatns. Eldhús er með góðri innréttingu og vaski. Svefnherbergi og rúmgott svefnloft. Til stendur að skipta út öllum lausum gluggafögum og er það verk nú þegar hafið. Í bústaðnum er rafmagn og kalt vatn ásamt hitatúbu 50 ltr. Bústaðurinn er 37,5 fm að stærð og stendur á 5000 fm leigulóð með traustum samningi. **V. 8,9 millj. Uppl. Jón Rafn hjá Valhöll S: 695-5520**



Sumarhús Skorradal
46,8 fm sumarhús í landi Vatnsendahlíðar í Skorradal. Um er að ræða sumarhús á frábærum útsýnisstað í skógi vöxnu kjarri. Húsið er byggt 1985 og skiptist í litla forstofu, 3 svefnherbergi, baðherbergi með sturtu, stofu með útgengi út á stóra timburverönd og eldhúskrók. Parket á gólfum. Rafmagnshitun. Einstök staðsetning í hlýlegu umhverfi og útsýni stórglæsilegt. **Uppl. Jón Rafn hjá Valhöll S: 695-5520**



Sumarhús Laugarvatn
Notalegt sumarhús á 5000 fm eignarlandi í landi Snorrastaða Laugarvatni. Eignin er umvafin trjágróðri og er staðsett við Stekká sem tífar létt á milli steina, spólkorn frá. Góður pallur er umhverfis með heitum potti. Heitt og kalt vatn er í bústaðnum ásamt rafmagni. Svefnherbergi er mjög rúmgott og er með fatahengi. Stofa og eldhús eru í opnu rými ásamt borðkrók. Svefnloft er um 10-12 fm að stærð og rúmar auðveldlega þrjár dýnur. 8,4 fm gesta hús er til hlíðar við bústaðinn. **V. 15,9 millj. Uppl. Jón Rafn hjá Valhöll S: 695-5520**



FASTEIGNA- MARKAÐURINN

ÓÐINGGÖTU 4

SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.

Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is

Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

RADHÚS/ PARHÚS ÓSKAST Í GARÐABÆ Í SKIPTUM FYRIR GÓÐA 3JA HERB. ÍBÚÐ Í SJÁLANDI MEÐ STÆÐI Í BÍLGEYMSLU.

Kaldalind – Kópavogi



